FRÉTTABLAÐIÐ

10. TÖLUBLAÐ 20. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 13. JANÚAR 2020

Veðurstofan hefur gefið út gular viðvaranir fyrir landið allt. Veðrið byrjar á vestanverðu landinu og færist síðan suður og austur um land. Við Faxaflóa er gert ráð fyrir snörpum vindhviðum við fjöll upp úr hádegi í dag. Talsverðar líkur eru á samgöngutruflunum og ekkert ferðaveður. Samkvæmt veðurvakt Blika er skýringarinnar að leita í djúpri lægð af Grænlandshafi. Við það hvessir af NA á Vestfjörðum með skafrenningi og ófærð ásamt éljum og snjókomu suðvestanlands. Kjöraðstæður eru nú fyrir myndun djúpra lægða. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Aron kom að 20 mörkum

HANDBOLTI Aron Pálmarsson kom að 20 mörkum íslenska liðsins gegn heims- og Ólympíumeisturum Danmerkur um helgina í ótrúlegum sigri Íslands. Hann skoraði 10, gaf níu stoðsendingar og fiskaði víti.

Aron hefði getað orðið fótboltamaður. Hann þótti ekkert minna efnilegur þar á bæ. Í DV árið 2001 segir að FH hafi orðið Íslandsmeistari í innanhússfótbolta þar sem Aron og Gylfi nokkur Sigurðsson hafi skorað mörkin. Aron segir frá því sjálfur í viðtali við Monitor að hann hafi ætlað sér að verða atvinnumaður í fótbolta en hætt þegar hann var 16 ára. Ári síðar hafi þó vantað markvörð í annan flokk í fótboltanum og áður en Aron vissi af var hann kominn á meistaraflokksæfingar FH sem markvörður!

Ísland mætir Rússlandi í dag á EM. – bb / sjá síðu 10

Missa lykilstarfsfólk til ríkisins

Félag ráðgjafarverkfræðinga (FRV) hefur áhyggjur af því að hið opinbera sé að taka til sín verðmæta starfsmenn af verkfræðistofunum. Um sé að ræða sérfræðinga sem þær hafi kostað miklu til að þjálfa.

ATVINNULÍF Reynir Sævarsson, formaður Félags ráðgjafarverkfræðinga (FRV), segir ásókn hins opinbera í lykilstarfsfólk verkfræðistofanna hafa verið að aukast mikið síðustu misserin.

Í stað þess að auka umsvifin með því að eiga viðskipti við verkfræðistofurnar sé hið opinbera að fjölga fólki hjá sér.

Samkvæmt nýrri könnun sem Samtök iðnaðarins gerðu meðal aðildarfélaga FRV telja 75 prósent þeirra að ráðningar hins opinbera á lykilstarfsfólki hafi aukist til muna á síðustu árum.

Þá telja 92 prósent fyrirtækjanna að þetta vegi verulega að samkeppnishæfni þeirra á markaði.

„Þetta er mjög afdráttarlaust og það finna öll fyrirtæki sterklega fyrir þessu. Þetta þýðir bara að það er búið að draga úr okkur tennurnar varðandi það að sækja á erlenda markaði því það þarf mikla reynslu í það," segir Reynir.

Hann segir það kaldhæðnislegt að stofnanirnar sem taki þessa starfsmenn þurfi mikið á verkfræðistofunum að halda.

„Stóra gildið í því að vera á markaðnum er að við getum unnið fyrir alla. Það er betra að reynsluboltarnir fáu séu á markaðnum þar sem þeir geta hjálpað öllum. Annars getur þekkingin lokast inni á stofnununum." Hér sé um þjóðhagslega hagsmuni að ræða. Íslendingar hafi náð miklum árangri frá því um 1960 þegar flóknar framkvæmdir eins og við virkjanir hafi farið af stað.

> **Þetta þýðir bara að það er búið að draga úr okkur tennurnar varðandi það að sækja á erlenda markaði því það þarf mikla reynslu í það.**
>
> Reynir Sævarsson, formaður Félags ráðgjafarverkfræðinga

„Nú erum við meðal þeirra fremstu á Norðurlöndunum í sumu. Þetta hefðum við aldrei getað ef allir hefðu verið fastir inni á einhverjum stofnunum. Nú erum við að taka u-beygju sem er grátlega vitlaust."

Þá segir Reynir að það hafi verið kannað meðal kollega á hinum Norðurlöndunum hvernig þessi mál væru að þróast þar. „Þeir kannast ekki við neina svona breytingu hjá sér. Mín upplifun er sú að við séum að ganga í öfuga átt." – sar

Veður



Hvöss norðaustanátt á NV- og V-verðu landinu og allhvöss vestlæg átt A-lands, annars yfirleitt hægari vindur. Víða snjókoma eða él, en þurrt að kalla A-til. Lægir víða í nótt, en áfram hvasst NV-til.

Flugskýli 1. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Friðun staðfest gegn vilja Isavia

MINJAR Mennta- og menningarmálaráðherra hefur tekið ákvörðun um að samþykkja tillögu Minjastofnunar um að friðlýsa Flugskýli 1 á Reykjavíkurflugvelli. Tillagan var lögð fram fyrir tveimur árum og á við stálburðargrindur skýlisins og upprunalegar rennihurðir sem smíðaðar voru af Bretum í síðari heimsstyrjöld.

Flugskýli 1 var reist af Bretum í síðari heimsstyrjöldinni en Isavia hefur lagst gegn tillögum um friðun.

Í rökstuðningi Minjastofnunar segir að skýlið sé eitt elsta mannvirkið á vellinum og flest flugfélög sem hafi starfað á Íslandi hafi á einhverjum tímapunkti verið með aðstöðu þar. Gamli flugturninn sem stendur nálægt skýlinu hefur þegar verið friðlýstur.

Skýlið sjálft er í eigu Hilmars Ágústs Hilmarssonar en landið sem flugskýlið stendur á er í eigu ríkisins.

Isavia lagðist gegn friðlýsingu skýlisins. Í bréfi sem stofnunin sendi Minjastofnun vorið 2018 kom fram að samkvæmt samningi hefði Isavia rétt á því að rífa skýlið og fjarlægja það. Friðlýsing sem fæli í sér að byggingin yrði ekki fjarlægð jafnaðist á við eignarnám.

- ab

Hrafnaþing

Hrafninn er stærstur íslenskra spörfugla. Hann er staðfugl á Íslandi og er algengur um allt land. Hrafninn er duglegur að bjarga sér og hefur allar klær úti. Hann er mjög áberandi í byggð yfir veturinn, einkum þegar jarðbönn eru. Þessir voru að kroppa í Gufunesi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Íslendingur á sjötugsaldri myrtur á Spáni

LÖGREGLUMÁL Íslenskur karlmaður um fertugt er grunaður um að hafa orðið sambýlismanni móður sinnar að bana í Torrevieja á Spáni í fyrrinótt.

Maðurinn sem lést er Íslendingur á sjötugsaldri og var verknaðurinn framinn á heimili hans og móður meints árásarmanns á þriðja tímanum aðfaranótt sunnudags að staðartíma.

Maðurinn var látinn þegar lögregla kom á vettvang.

Hinn grunaði er í haldi lögreglunnar í Torrevieja í suðurhluta Spánar þar sem fólkið hefur allt verið búsett um nokkurt skeið.

Svæðið í kringum Torrevieja hefur verið eftirsóttur staður meðal Íslendinga undanfarin ár og hafa hafa margir fest kaup á húsi í borginni sem er í um 40 mínútna fjarlægð frá borginni Alicante.

– aá, ókp

Skoða hugmyndir um Vetrargarð í Reykjavík

Hugmyndir um stofnun Fjölskyldugarðs innan borgarmarkanna með áherslu á vetraríþróttir eru nú til skoðunar hjá Reykjavíkurborg. Með slíkum garði yrði hægt að stunda vetraríþróttir allt árið. Starfshópur mun fara yfir málið.

REYKJAVÍK Ýmislegt spennandi er að gerast á sviði vetraríþrótta á höfuðborgarsvæðinu. Á dögunum var kynnt ný framkvæmdaáætlun skíðasvæða í Bláfjöllum og Skálafelli sem gerir ráð fyrir mikilli fjárfestingu í nýjum skíðalyftum og tækjum til snjóframleiðslu. Alls verður fjórum milljörðum varið í framkvæmdir á svæðinu á næstu fimm árum.

En það er líka innan höfuðborgarsvæðisins sem menn horfa til frekari framkvæmda. Í desember var kynnt hugmynd um sérstakan Vetrargarð á fundi menningar-, íþrótta- og tómstundaráðs.

Í dag eru reknar þrjár skíðabrekkur innan höfuðborgarsvæðisins í umsjón frístundamiðstöðvarinnar Gufunesbæjar fyrir borgina. Sá rekstur glímir við það vandamál, eins og önnur skíðasvæði, að ekki er á vísan að róa varðandi opnunartíma svæðanna. Vetrargarðurinn mun mögulega leysa það vandamál að mestu leyti.

„Þetta er eins konar Fjölskyldugarður en með áherslu á vetraríþróttir. Hugmyndin er að auk skíðabrekkna verði þar meðal annars stökkpallar, túpubrautir og fjölbreytt leiktæki. Þá má nefna gönguskíðabraut og fjallahjólabraut innan garðsins sem og veitinga- og þjónustukjarni," segir Atli Steinn Árnason, framkvæmdastjóri Gufunesbæjar.

Hann ítrekar að verkefnið sé á hugmyndastigi en á áðurnefndum fundi innan borgarkerfisins féll hugmyndin í góðan jarðveg.

„Markmiðið er að slíkur garður yrði heilsársgarður. Við myndum lengja vetrartímabilið töluvert með snjóframleiðslu og á hlýrri tímabilum yrði meðal annars boðið upp á svokallaða þurrskíðun þar sem skíðað er niður sérstakar mottur. Það hefur gefið góða raun erlendis," segir Atli Steinn.

Möguleg staðsetning gæti orðið í Breiðholti. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Hann segir að garðurinn sé hugsaður fyrir almenning en nýtist einnig afar vel fyrir byrjendur í skíðaíþróttinni.

„Við sjáum þarna fyrir okkur að skíðafélögin geti nýtt aðstöðuna fyrir yngstu iðkendur auk þess sem leik- og grunnskólar á höfuðborgarsvæðinu geti heimsótt garðinn reglulega. Þannig myndu fleiri börn og unglingar læra á skíði eða snjóbretti sem stuðlar í auknum mæli að aukinni hreyfingu, útiveru og bættri lýðheilsu. Skíðasvæðin utan borgarmarkanna njóta síðan góðs af, því að markhópurinn stækkar með aukinni þátttöku innan borgarmarkanna," segir Atli Steinn.

Hvað staðsetningu garðsins varðar er helst horft til svæðisins í kringum skíðalyftuna í Breiðholt en önnur svæði innan höfuðborgarinnar eru einnig í skoðun.

„Ég tel afar mikilvægt að efla eins og kostur er skíðasvæðin í borginni sem eru í dag á Ártúnshöfða, í Breiðholti og í Grafarvogshverfi. Það er mikill kostur að hafa slík svæði innan borgarmarkanna. Brekkurnar eru viðráðanlegar fyrir alla og stutt að fara. Vetrargarðurinn, eins og hann var kynntur fyrir ráðinu myndi lengja skíðatímabilið í borginni verulega. Næstu skref eru að setja af stað starfshóp sem fer yfir staðsetningu, hönnun, kostnað, rekstrarfyrirkomulag og áfangaskiptingu," segir Hjálmar Sveinsson, formaður menningar-, íþrótta- og tómstundaráðs Reykjavíkurborgar.

bjornth@frettabladid.is

BRIDGE

SKÓLINN

BYRJENDUR (STIG 1) 20. janúar 8 mánudagar frá 20-23

ÚRSPILIÐ (STIG 3) 22. janúar 8 miðvikudagar frá 20-23

STIG 1 Allir geta lært að spila en það tekur svolítinn tíma í byrjun að komast af stað. Á námskeiðinu er farið yfir leikreglur og grundvallarsagnir í hinu vinsæla Standard-sagnkerfi. Ekkert mál að koma stakur/stök.

STIG 3 Sögnum er lokið og útspilið komið á borðið. Þá er að standa við stóru orðin! Hvernig á að leggja á ráðin og spila eins og sannur meistari. Um það snýst námskeiðið. Ekkert mál að koma stakur/stök.

UPPLÝSINGAR OG INNRITUN

Í SÍMA 898-5427 Á NETINU bridge.is

íslenska

TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

TOYOTA C-HR

FER ÞÉR VEL

Toyota C-HR er eins og hugur þinn í akstri, hannaður til að gleðja augað með stílhreinum og kraftmiklum línum í rúmgóðum bíl sem búinn er tækni og þægindum frá hinu smæsta til hins stærsta. Toyota C-HR – fer þér vel. **Sjá nánar á toyota.is**

3+4 ÁBYRGÐ · 2 ÁRA ÞJÓNUSTA · SPORLAUS

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000

HYBRID

Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

Ekkert útboð og engar verðfyrirspurnir vegna innsiglingarvita

REYKJAVÍK Ekkert útboð og engar verðfyrirspurnir voru gerðar af hálfu Reykjavíkurborgar í tengslum við framkvæmdir við innsiglingarvitann við Sæbraut sem vígður var í fyrra. Alls kostuðu framkvæmdirnar 43,6 milljónir króna en samkvæmt innkaupareglum borgarinnar þurfa allar verklegar framkvæmdir sem kosta meira en 30 milljónir króna að fara í útboð.

Í svari borgarinnar við fyrirspurn Fréttablaðsins segir að samningurinn við Suðurverk hafi upphaflega hljóðað upp á 27,6 milljónir króna sem sé undir útboðsmörkum. Síðan hafi verið samið við sama verktakafyrirtæki um greiðslur upp á átta milljónir króna vegna umfangs og aðrar átta milljónir til að setja vitann á staura.

Verðmiðinn á vitanum hefur vakið athygli, átti hann að kosta 75 milljónir króna en fór meira en 100 milljónir fram úr kostnaðaráætlun.

Bjarni Brynjólfsson, upplýsingafulltrúi Reykjavíkurborgar, segir að ekki hafi verið kannað verð hjá öðrum verktökum en Suðurverki þegar kom að fráganginum.

Innsiglingarvitinn við Sæbraut var vígður á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Suðurverk var valið vegna þess að góð reynsla er af fyrirtækinu í svipuðum verkum og þeir leystu verkið vel af hendi. Þeir unnu t.d. við frágang í kringum Sólfarið eftir Jón Gunnar Árnason sem vekur mikla lukku og er einn fjölmennasti ferðamannastaður borgarinnar," segir Bjarni.

„Vitinn er nú þegar orðinn mjög vinsæll áfangastaður íbúa og ferðamanna við Sæbrautina og mörgum frábærum myndum póstað af honum á samfélagsmiðlum sem fara um allan heim." **-boþa**

FRÉTTABLAÐIÐ/SAMSETT MYND

Halla Bergþóra, Páll og Sigríður vilja í embættið

STJÓRNSÝSLA Halla Bergþóra Björnsdóttir, lögreglustjóri á Norðurlandi eystra, Páll Winkel, fangelsismálastjóri og Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, eru meðal þeirra sem sækja um Ríkislögreglustjóraembættið. Umsóknarfrestur til að sækja um stöðuna rann út fyrir helgi en ekki hefur verið gefið upp hversu margir sóttu um starfið.

Embætti ríkislögreglustjóra var auglýst laust til umsóknar fyrir jól eftir starfslokasamning dómsmálaráðherra við Harald Johannessen, en hann hafði gegnt embættinu í 22 ár. Kjartan Þorkelsson, lögreglustjóri á Suðurlandi, sem var skipaður í embættið til bráðabirgða, hefur greint frá því að hann hafi ekki hug á að sækjast eftir embættinu.

Halla Bergþóra hefur starfað í málaflokkum tengdum réttarkerfinu mestan hluta starfsævinnar. Hún leysti Ólaf Þór Hauksson af í embætti sýslumanns á Akranesi uns hún var skipuð lögreglustjóri á Norðurlandi eystra um mitt ár 2014.

Páll Winkel varð fangelsismálastjóri árið 2007. Áður hafði hann gegnt stöðu aðstoðarríkislögreglustjóra. Hann hefur starfað í löggæslu- og refsivörslukerfinu frá útskrift úr lagadeild um aldamótin.

Sigríður Björk hefur verið lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu frá árinu 2014. Áður var hún lögreglustjóri á Suðurnesjum og aðstoðarríkislögreglustjóri. **– ds**

Semja um landleigutekjur af virkjun Geitdalsár í Skriðdal

Fjármálaráðuneytið og Fljótsdalshérað ganga frá samkomulagi um skiptingu leigutekna frá Arctic Hydro vegna fyrirhugaðrar virkjunar Geitdalsár. Bæjarráð hefur samþykkt samkomulagið en það fæst enn ekki afhent. Fyrrverandi iðnaðarráðherra er meðal þeirra sem andmælt hafa virkjunaráformunum.

STJÓRNSÝSLA Bæjarráð Fljótsdalshéraðs hefur fyrir sitt leyti samþykkt samkomulag við ríkið um skiptingu leigutekna þessara aðila sem landeiganda á vatnasvæði Geitdalsárvirkjunar.

Í þeirri útgáfu samkomulagsins sem bæjarráðið samþykkti eru sagðar hafa verið gerðar minniháttar breytingar sem ræddar hafi verið á fundinum.

Þrátt fyrir ítrekaðar óskir þar um hafnar Björn Ingimarsson, bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs, að afhenda afrit af hinum samþykkta samningi að svo stöddu.

„Eins og fram kemur í afgreiðslu bæjarráðs þá er þetta afgreitt með ákveðnum breytingum sem þarf að bera undir hinn aðila samningsins, fjármálaráðuneytið, áður en hægt verður að ganga frá samningnum. Þegar endanlegur samningur liggur fyrir verður hægt að afhenda hann," segir bæjarstjórinn.

Elva Björk Sverrisdóttir, upplýsingafulltrúi fjármálaráðuneytisins, segir ekki búið að ganga frá samkomulaginu.

„Um leið og það liggur fyrir er hægt að afhenda þér það," segir í svari Elvu til blaðamanns.

Geitdalsárvirkjun er verkefni samnefnds einkahlutafélags sem er í eigu Arctic Hydro. Áætlað er að afl virkjunarinnar verði allt að 9,9 megavött.

„Megininnrennslið í Geitdalsá er úr Leirudalsá, sem rennur í gegnum nokkur vötn á leið sinni úr vestri. Eitt þessara vatna mun fara undir fyrirhugað miðlunarlón," segir í skýrslu verkfræðistofunnar Mannvits um framkvæmdina sem enn er í umhverfismati.



Staðsetning helstu mannvirkja fyrirhugaðrar virkjunar í Geitdalsá samkvæmt frumhönnun Mannvits.

> **Hér er um að ræða náttúrufarslega afar verðmætt svæði sem er ósnortið víðerni án teljandi mannvirkjagerðar.**
>
> Hjörleifur Guttormsson, fyrrverandi iðnaðarráðherra

Meðal þess sem tilheyrir framkvæmdinni er þriggja ferkílómetra miðlunarlón 702 metra hæð yfir sjávarmáli í Leirudal.

Lengd stíflu er áætluð um einn kílómetri og hæð hennar átján metrar.

Hjörleifur Guttormsson, fyrrverandi alþingismaður Alþýðubandalagsins og fyrrverandi iðnaðarráðherra, er einn þeirra sem andmælt hefur Geitdalsárvirkjun.

„Hér er um að ræða náttúrufarslega afar verðmætt svæði sem er ósnortið víðerni án teljandi mannvirkjagerðar en nýtt til sauðfjárbeitar um aldir," segir í umsögn Hjörleifs.

„Ég vil ekki trúa því að bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs og sérfróðir sem vinna í hennar þágu fari að greiða götu virkjana á þessu svæði, þegar um er að ræða aðra og langtum mikilvægari kosti til framtíðarnota," segir einnig í athugasemdum iðnaðarráðherrans fyrrverandi.

gar@frettabladid.is

ÚTSALA

WIZAR
20%
AFSLÁTTUR

ÚTSÖLUVERÐ FRÁ
159.920 kr.

VERÐ ÁÐUR 199.900 kr.

20-50%
AFSLÁTTUR

HEILSURÚM
20-40%

SÓFAR
20-50%

HANDKLÆÐI
20-70%

HÚSGÖGN
20-50%

HÆGINDA STÓLAR
20%

ILMKERTI
20%

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

Fjölmenn mótmæli í Íran um helgina

Fjölmenn mótmæli fóru fram í Íran um helgina þar sem krafist er afsagnir æðstu embættismanna. Þar var mótmælt eftir minningarathöfn um þá 176 sem dóu þegar Íransher grandaði úkraínskri farþegaþotu. Íransher hefur viðurkennt að hafa grandað vélinni.

Minningarsamkomur um þá sem létust þegar Íransher grandaði úkraínskri farþegaþotu voru haldnar við háskólana Amir Kabir og Sharif í Teheran. Margir íranskir háskólanemar voru meðal þeirra er dóu. Fjölmennar minningarathafnirnar þróuðust síðan út í mótmælafundi. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

ÍRAN Nokkur fjöldi fólks, einkum háskólastúdentar, söfnuðust saman í gær við tvo háskóla í Teheran, til að tjá reiði sína vegna árásar á farþegaþotuna og viðbragða stjórnvalda við þeim hörmungaratburði. Mótmælendur segja æðstu ráðamenn landsins beita lygum og blekkingum. Áætlað er að um helmingur þeirra sem fórust með vélinni hafi verið Íranir, flestir þeirra háskólastúdentar. Minningarsamkomur um hin látnu voru haldnar við háskólana Amir Kabir og Sharif í Teheran. Þær þróuðust síðan út í mótmælafundi.

Í nóvembermánuði voru mótmæli víða um landið. Þeim var beint gegn stjórnvöldum og versnandi efnahag. Mannréttindasamtökin Amnesty International segja að þá hafi 208 mótmælendur farist, mörg þúsund manna hafi særst og allt að 7.000 mótmælendur verið handteknir.

Margt bendir til þess að íranska ríkisstjórnin hafi á síðustu vikum misreiknað sig á þrjá vegu og skilið æðstaklerk Írans, Ayatollah Ali Khamenei, í mun veikari stöðu.

Í fyrsta lagi voru mótmæli þau sem voru við hið víggirta sendiráð Bandaríkjanna í Bagdad, höfuðborg Íraks, á síðasta degi ársins. Þar réðst æstur múgur að sendiráðinu og krafðist „Dauða yfir Ameríku“. Mótmælin eru talin hafa verið skipulögð að undirlagi Írans. Bandaríkjaforseti Donald Trump lýsti ábyrgðinni á hendur Íran.

Þremur dögum síðar misstu Íranir einn af valdamestu hershöfðingja landsins þegar Bandaríkin drápu Qasem Soleimani í drónaárás.

Íran lofaði þá „öflugum hefndum“ eftir drónaárásina. Það var gert með eldflaugarás Írana á íraska herflugstöð norður af Bagdad þar sem herlið Bandaríkjahers hefur haft aðsetur. Talið er að fjórir íraskir hermenn hafi slasast og enginn Bandaríkjamaður. Trump forseti sagði þá að Íran virtist ætla að draga úr spennunni milli landanna.

Um helgina viðurkenndi Íransher síðan að hafa grandað úkraínskri farþegaþotu við Teheran með 176 manns innanborðs. Herinn segir þetta hafa verið óviljaverk sem rekja megi til mannlegra mistaka.

Undirliggjandi er síðan afar bágborinn efnahagur Írans, þrátt fyrir mikinn olíuútflutning, meðal annars vegna mikilla þvingunaraðgerða Bandaríkjanna. Efnahagslífið batnaði mjög þegar Íran gerðist aðili að kjarnorkusamningi árið 2015. En í kjölfar þess að Bandaríkin sögðu sig frá samkomulaginu árið 2018 og settu aftur á þvingunaraðgerðir hefur efnahagur landsins orðið æ verri.

Landsframleiðsla Írans dróst saman um 4,8 prósent árið 2018. Enn dró úr efnahag landsins á síðasta ári, en þá er áætlað að landsframleiðsla hafi verið neikvæð um 9,5 prósent, samkvæmt upplýsingum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Fyrir árið 2020 reiknar sjóðurinn með að íranska hagkerfið muni ná meiri stöðugleika. Eftir að þessi spá sjóðsins var birt í október hefur stjórnmála- og öryggisástand landsins versnað mjög og enn herða Bandaríkin á þvingunaraðgerðum sínum. **david@frettabladid.is**

Fyrsta íranska kona til að vinna Ólympíuverðlaun flýr land og fordæmis klerkastjórnina

Kimia Alizadeh, fyrsta og eina íranska konan til að vinna Ólympíuverðlaun, tilkynnti á Instagram um helgina að hún hafi ákveðið að yfirgefa heimaland sitt til frambúðar. Að sögn BBC hefur hún fordæmt írönsku stjórnina á samfélagsmiðlum fyrir „spillingu og lygar“.

Hin 21 árs Kimia Alizadeh, vann til bronsverðlauna í taekwondo á Sumarólympíuleikunum 2016 í Ríó. Þá sagðist hún ætla alltaf að vera „dóttir Írans“. Nú segir hún hins vegar komið nóg. Í færslum á samfélagsmiðlum segir hún að yfirvöld í Íslamska lýðveldinu hafi notað velgengni hennar í áróðursskyni. Hún segist hafa klæðst öllu því og sagt allt það sem írönsk yfirvöld hafi skipað henni. „Ég endurtók það sem þeir skipuðu. Ekkert okkar skiptir máli fyrir yfirvöld, við erum bara verkfæri þeirra,“ segir hún.

Alizadeh lýsir sér sem „einni af milljónum kúgaðra kvenna í Íran“.

Forseti Taívans Tsai Ing-wen, fagnaði stórsigri með stuðningsmönnum sínum um helgina. NORDICPHOTOS/GETTY

Tsai Ing-ven forseti Taívans vinnur stórsigur og snuprar Kínastjórn

TAÍVAN Forseti Taívans og lýðveldissinninn Tsai Ing-wen, var endurkjörin með 57 prósentum atkvæða í kosningum sem fóru fram á laugardag. Helsti keppinautur hennar, Han Kuo-yu, hlaut 39 prósent atkvæða. Þriðji frambjóðandinn, James Soong, fékk um fjögur prósent. Um 19 milljónir voru á kjörskrá í Taívan.

Ágreiningur þeirra Tsai og Han í kosningabaráttunni snerist um samskiptin við Kína. Allt frá því að kínverska borgarastríðinu lauk árið 1949 hefur Kína aldrei viðurkennt sjálfstæði eyríkisins Taívans. Tsai forseti vill halda samskiptum við Kína óbreyttum og tryggja ákveðna fjarlægð en Han vill efla samskiptin við meginlandið. Það bæti efnahag Taívans.

» Tsai segir að lýðræðislega kjörin ríkisstjórn Taívan muni ekki bugast vegna hótana Kína.

Í kosningabaráttunni sagði Tsai að Kína verði að láta af hótunum í garð Taívans. Lýðræðislega kjörin ríkisstjórn landsins muni ekki bugast vegna slíkra hótana. Xi Jinping, forseti Kína, hefur ekki ekki viljað útiloka að gripið verði til vopna til að ná Taívan undir sitt vald. Í aðdraganda kosninganna sigldu Kínverjar herskipum um Taívansund, sem er milli meginlandsins og Taívans. Þessi ógn ásamt óeirðum í Hong Kong þar sem stjórnvöldum í Kína hefur verið mótmælt, virðist hafa lagt Tsai lið. **– ds**

SAMSUNG

tilboðsdagar

Skoðaðu úrvalið okkar á
ORMSSON.IS

af flestum SAMSUNG heimilistækjum*

Þvottavél - 8KG 1400SN
Verð áður: 79.900 kr
TILBOÐSVERÐ
63.920 KR

Þvottavél & þurrkari
Verð áður: 119.900 kr
TILBOÐSVERÐ
95.920 KR

Þurrkari - 8KG
Verð áður: 124.900 kr
TILBOÐSVERÐ
99.920 KR

Uppþvottavél - 7 kerfa
Verð áður: 82.900 kr
TILBOÐSVERÐ
66.320 KR

Uppþvottavél - 7 kerfa
Verð áður: 159.900 kr
TILBOÐSVERÐ
127.920 KR

Tvöfaldur kæliskápur - svartur
Verð áður: 249.900 kr
TILBOÐSVERÐ
199.920 KR

Kæliskápur - hvítur
Verð áður: 99.900 kr
TILBOÐSVERÐ
79.920 KR

Kæliskápur - stál
Verð áður: 109.900 kr
TILBOÐSVERÐ
87.920 KR

Tvöfaldur kæliskápur - stál
Verð áður: 199.900 kr
TILBOÐSVERÐ
159.920 KR

Veggofn - stál 70 lítra
Verð áður: 99.900 kr
TILBOÐSVERÐ
79.920 KR

Combiofn m. örbylgju - svartur 50 lítra
Verð áður: 187.900 kr
TILBOÐSVERÐ
150.320 KR

Vefverslun ORMSSON.IS opin
alla daga, allan sólarhringinn

*SENDUM UM LAND ALLT

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 - 530 2800

SAMSUNG
SETRIÐ

Opnunartímar:
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-15

ormsson

Samhljómur

Jón Þórisson
jon@frettabladid.is

Nú um helgina flutti Sinfóníuhljómsveit Íslands Vínartónlist á árvissum tónleikum sínum upp úr áramótum. Allir þeir sem í salnum sátu fundu og skynjuðu samstillinguna, nákvæmnina og næmnina sem til þarf svo þessi indæla tónlist skili sér til þeirra. Það var sannarlega unaðslegt að heyra og skynja tónlistina flutta af tugum hljóðfæraleikara sem léku á hljóðfæri sín í nákvæmum samhljómi. Það blasir við að það er ekki nóg að vera flinkur á hljóðfærið sitt, ekki skortir færnina hjá listamönnunum sem skipa sveitina. Á það þarf að leika þannig að tónar úr tugum hljóðfæra falli saman í eina heildstæða mynd sem þannig verður að tónlist.

En það er víðar sem samhljómur er áríðandi og nota má þessa líkingu við hljómsveit um nánast hvað sem er. Stundum er gerð krafa um samhljóm, þótt sú virðist ekki ávallt verða raunin.

Í liðinni viku urðu þau atvik að hópi erlendra ferðamanna var stefnt í bráðan voða á hálendinu. Það skal játað að það er ekki hlaupið að því að skilja hvernig það gat orðið niðurstaðan að halda áætlun og fara með fólkið í ferðina þegar fyrir lá óveðurspá og kyrfilega kynnt. Að það skyldi vera talið í lagi að fara með hóp fólks í vélsleðaferð á reginfjöllum, á sama tíma og foreldrar voru beðnir að gæta þess að börn væru ekki utandyra á höfuðborgarsvæðinu og skyldu sótt í skóla. Blessunarlega tókst að bjarga fólkinu eftir klukkustunda langar hremmingar. Í fjölmiðlum kom fram að einhverjir í hópnum bjuggust við að þeir hefðu lifað sinn síðasta dag.

Ferðaþjónusta hér á landi er ung atvinnugrein og viðkvæm. Það er ekki einkamál þess fyrirtækis sem í hlut á þegar svona atvik verður. Það er brýnt hagsmunamál allra sem starfa að ferðaþjónustu hér á landi að svona sé ekki staðið að verki. Það gerir þetta mál svo enn verra að þetta er ekki í fyrsta sinn þar sem fyrirtæki þetta kemur við sögu í sambærilegu atviki. Það má vel vera að hægt sé að gera út á glæfraferðamennsku, en varla yrði sex ára börnum veitt svoleiðis þjónusta, eins og reyndin varð í þessari ferð.

Því verður ekki neitað að oft hefur gengið illa að fá ferðamenn til að hlíta einföldum reglum og sýna varúð og aðgát á ferðamannastöðum þar sem hættur eru fyrir hendi.

Glannaleg hegðun þeirra í Reynisfjöru, við Geysi, hjá Gullfossi og víðar, staðfesta að oft tefla erlendir gestir okkar sjálfir á tæpasta vað og lítið virðist ganga að opna augu þeirra fyrir því að þannig geti þeir farið sér að voða.

Þrjátíu og níu manna glæfraför í aðdraganda illviðris er af öðrum toga. Þar virðist fólki hafa verið teflt í tvísýnu vitandi vits. Miklu skiptir því að rannsaka atvik öll og atburðarás og beita þeim úrræðum sem tiltæk eru til að tryggja að svona lagað hendi ekki aftur. Auk opinberra aðila verður atvinnugreinin sjálf að koma að verki.

Um það þarf að vera samhljómur.

Þrjátíu og níu manna glæfraför í aðdraganda illviðris er af öðrum toga. Þar virðist fólki hafa verið teflt í tvísýnu vitandi vits.

Halldór

Frá degi til dags

Ekki fullreynt?

Það kemur ekki á óvart að Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, sé að undirbúa enn eitt stjórnmálaframboðið. Hann var í framboði fyrir Borgarahreyfinguna sem dugði honum alls ekki inn á þing. Aftur var hann í framboði 2013 fyrir Dögun sem hlaut um 3 prósent. Ragnar Þór leiddi brattur lista flokksins í Suðvesturkjördæmi 2016 sem skilaði honum 1,7 prósenti. Enn er Ragnar að og vill að verkalýðshreyfingin fari fram með þverpólitískt framboð. Hann hefur látið félagsmenn VR kosta fyrir sig könnun til að undirbúa jarðveginn. Er þetta ekki fullreynt gætu einhverjir spurt. Aðrir benda á að staðan sé breytt ef langstærsta verkalýðsfélag landsins er reiðubúið að borga þessa framboðsdrauma.

Sporin hræða

Samkvæmt könnuninni hafa 23 prósent kjósenda hug á því að kjósa flokk verkalýðshreyfingarinnar verði hann stofnaður. Þessum niðurstöðum fagnar Ragnar Þór og segir að framboðið verði mögulega ráðandi afl eftir næstu kosningar. Það er þó ekkert nýtt að óstofnuð framboð mælist hátt. Þannig mældist framboð Guðmundar Steingrímssonar með 34 prósent 2011, flokkur Lilju Mósesdóttur 23 prósent 2012 og mögulegur hægriflokkur Þorsteins Pálssonar 38 prósent 2014.

Árið helgað ljósmæðrum og hjúkrunarfræðingum

Alma D. Möller
landlæknir

Ljóst er að heilbrigðiskerfi heimsins standa frammi fyrir fjölda áskorana, meðal annars aukinni eftirspurn vegna aukningar langvinnra sjúkdóma og breyttrar aldurssamsetningar samhliða því sem mikill skortur er starfsfólki.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) áætlar að á heimsvísu vanti 18 milljón heilbrigðisstarfsmenn til að ná markmiðinu um góða heilbrigðisþjónustu fyrir alla árið 2030, þar af er helmingurinn eða 9 milljónir, hjúkrunarfræðingar og ljósmæður. Stofnunin hvetur því þjóðir heimsins til að fjárfesta betur í menntun og starfi þessara tveggja stétta. Hérlendis er skortur á hjúkrunarfræðingum vandamál og í skýrslu Ríkisendurskoðunar árið 2017 voru færð rök fyrir því að það vantaði hundruð hjúkrunarfræðinga.

Hjúkrunarfræðingar og ljósmæður sinna enda afar fjölbreyttum og mikilvægum störfum innan íslensks heilbrigðiskerfis sem endurspeglar hátt menntunarstig og getu stéttanna. Barátta ljósmæðra fyrir velferð og lýðheilsu barna og verðandi foreldra er samofin sögu heilbrigðisþjónustu í landinu. Hjúkrunarfræðingar hafa allt frá tíma Florence Nightingale verið lykilstétt í að efla gæði og öryggi heilbrigðisþjónustu.

Ég tek undir með forstjóra WHO að það er brýnt að efla mönnun margra heilbrigðisstétta en hér ríður mest á að efla mönnun í hjúkrun. Nú er svo komið að það þolir enga bið. Huga þarf að fjölmörgum þáttum, ekki síst vinnuskipulagi, starfsskilyrðum og kjörum og þeirri vinnu þarf að hraða.

Það hittir vel á með árið 2020 því á síðastliðnu ári fögnuðu báðar stéttir 100 ára afmæli hérlendis og í maí verða 200 ár liðin frá fæðingu Florence Nightingale sem var ótrúlegur brautryðjandi og langt á undan sinni samtíð.

Ég óska hjúkrunarfræðingum og ljósmæðrum til hamingju með þá sæmd að árið skuli helgað ykkur og vona að það verði mikilvægur liður í því að við Íslendingar og aðrir uppfyllum Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um Heilbrigði fyrir alla.

Ég óska hjúkrunarfræðingum og ljósmæðrum til hamingju með þá sæmd að árið skuli helgað ykkur.

Varaafls-rafgeymar
Er fyrirtækið viðbúið straumleysi?

Símkerfi • Rafveitur • Öryggiskerfi • Orkuver
SKORRI
TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM TUDOR
Bíldshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • skorri.is

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI: Jóhanna Helga Viðarsdóttir RITSTJÓRAR: Davíð Stefánsson *david@frettabladid.is*, Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*,
MARKAÐURINN: Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* HELGARBLAÐ: Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is*
LJÓSMYNDIR: Anton Brink *anton@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Stríð eru fáránleg

Í DAG

Guðmundur Steingrímsson

Bruce Springsteen hefur kyrjað sannleikann í allmörg ár á sviði frammi fyrir hundruðum þúsunda. Boðskapurinn verður skýrari með hverju ári sem líður: Stríð? spyr Bruce við drynjandi trommuslátt. Hvaða gagn gera þau? Svarið hefur aldrei staðið á sér í flutningi þessa mikla rokkara: Ekki baun. Absolutely nothing.

Stríð gera ekki neitt fyrir neinn. Þau eru engum til gagns. Þetta er boðskapur lagsins War með Bruce. Þetta er svona lag sem ratar stundum á heilann á manni, eins og lög gera. Maður keyrir og söngl-ar þetta fyrir munni sér. Ryksugar raulandi. Einhverjir eru örugglega komnir með lagið á heilann núna, við að lesa þetta.

Á undanförnum dögum hafa kringumstæður heimsmála skapað sérstaka ástæðu til þess að rifja upp þennan söng og spá í einfaldan textann af ögn meiri dýpt. Hvað er hann Bruce að tala um?

Dýrt að sigra

Um daginn varð næstum því stríð. Bandaríkjamenn drápu íranskan hershöfðingja. Íranir svöruðu með flugskeytum á bandarískar herstöðvar. Á tímabili þótti líklegt að þessi atburðarás myndi leiða til styrjaldarátaka milli þjóðanna. Margir hristu höfuðið og dæstu. Spurningin blasti við: Hvaða gagn myndi slíkt stríð gera? Í alvöru. Hver yrði betur staddur eftir slíkt bull? Er það virkilega þetta sem heiminn vantar? Enn eitt stríðið.

Pistlahöfundurinn Fahrad Manjoo skrifaði ljómandi grein í New York Times í síðustu viku undir fyrirsögninni „We Really Must Stop Starting Wars“. Grunnálgunin er sú sama og hjá Bruce. Öll rök hníga að því að það sé fullkomlega fáránleg hugmynd að ætla sér að leysa erfið alþjóðleg deilumál með stríðsrekstri. Hér er ekki verið að tala um siðferði og gildi friðar og nauðsyn þess að fólk leysi deilur í sátt og samlyndi, og það allt — sem er vissulega mikilvægt — heldur bara þetta: Stríð eru vesen. Það er rándýrt að reka stríð og það sem meira er, það er rándýrt að „sigra“ stríð. Hvenær sigra Bandaríkjamenn innrásina í Írak og Afganistan? Vandamálin sem sköpuðust í því brölti eru tröllaukin og fáir sjá fyrir endann á þeim. Kostnaðurinn er gríðarlegur, mannfall og eyðilegging. Upplausn ríkir.

Rótgróin vitleysa

Ég er viss um að margir eru sammála þessu. Auðvitað vilja fáir stríð. En hið merkilega er, að þó svo vilji til þess að fara ekki í stríð, helst aldrei, sé víðtækur er hin mantran alltaf jafnsterk, nefnilega sú sem segir að stríð séu þrátt fyrir allt nauðsynleg. Gera þurfi meira en gott þykir. Illt skuli með illu burt reka. Vöðvaafl ráði. Stríð sé lokastig í deilu. Stríð séu háð þegar öll önnur úrræði hafa verið reynd til þrautar. Við höfum heyrt þetta allt saman.

Ég held að það sé löngu tímabært, og fréttir liðinnar viku fengu mann til að spá í þetta, að það sé viðurkennt að þetta tal allt saman er í besta falli úrelt, ef ekki fullkomið bull. Þjóðir heimsins eru núna kyrfilega fastar í sameiginlegum hagsmunavef. Allir græða á öllum. Stríð við aðra er stríð við þig sjálfan. Stríð, fyrir utan hugsanlega staðbundin og langvarandi hatursátök (sem blessunarlega fer fækkandi), eru ekki lengur háð með það að markmiði að knésetja aðrar þjóðir, koma heim með afhoggin höfuð konunga og segja af því tilefni eitthvað ódauðlegt. Hið yfirlýsta markmið stríðsrekstrar nú á tímum er að byggja upp aðrar þjóðir, eins mótsagnakennt og það hljómar. Hjálpa þeim. Það sem svo hefur komið í ljós, er að þessi leið til þess að reyna að réttlæta úrelta löngun til stríðsbrölts er algjörlega gjaldþrota. Hið fornkveðna blasir alltaf við: Stríð bara eyðileggur. Stríð er ósigur í eðli sínu. Hjálpar engum. Aðrar leiðir eru margfalt áhrifameiri ef markmiðið er að breiða út velsæld, efla lýðræði og auka frið. Við Íran var búið að gera samning. Stríðsleiðin er fáránlega miklu verri leið en hann.

Ísland á næsta Natófundi

Átök verða alltaf í heiminum. Hagsmunir rekast á. En eðli átakanna hefur breyst. Stríðsmaskínur skipta sífellt minna máli. Rússar eru á góðri leið með að knésetja Bandaríkin með falsfréttir að vopni. Her þeirra samanstendur af virkum í athugasemdum. Bandaríkin eru eins og risi sem ríður til falls vegna þess að það er búið að binda fyrir augun á honum.

Við vitum þetta Íslendingar. Enginn her er hér. Bara Víkingasveitin. Kosta Ríka fattaði þetta árið 1948 og lagði her sinn niður og setti allan peninginn í heilbrigðis- og menntamál. Nágrannaríkið Panama fór sömu leið mörgum áratugum síðar og sér ekki eftir því. Á næsta NATO-fundi ættu íslenskir leiðtogar að segja þetta: Í stað þess að verja 200 þúsund milljörðum króna til hermála á ári hverju ættu þjóðir heimsins að taka allan þann pening og verja honum í loftslagsmál, þróunaraðstoð, menntun og heilbrigði. Þá fyrst yrði sigur unninn.

Jónas frá Hriflu var einn af höfuðsmiðum Íslands

Guðni Ágústsson
fyrrverandi landbúnaðar-ráðherra

Það var fullt út úr dyrum í mennta og menningarmálaráðuneytinu, þegar Lilja Alfreðsdóttir, ráðherra, boðaði til hádegisfundar þar nýlega. Guðrún Eggertsdóttir, afabarn Jónasar frá Hriflu, ræddi þá um manninn og afann, Jónas Jónsson, einn afkastamesta og umdeildasta stjórnmálamann síðustu aldar. Menntamálaráðuneytið er til húsa í Sambandshúsinu (SÍS) gamla og þennan dag var maður nánast kominn inn á heimili Jónasar, en hann bjó mörg ár í húsinu.

Jónas var einlægur faðir og afi og um leið var hann einn harðskeyttasti og óvægnasti stjórnmálamaður síðustu aldar. En hann var mennskur og bjó yfir miklum kærleika og mörgum ungum manni varð hann leiðtogi og vinur. Það eru sjötíu ár síðan Jónas hætti þingmennsku. Í viku hverri er hann enn til umræðu í fjölmiðlum. Hann lagði grunn að uppstokkun flokkakerfisins og tveir þeirra voru stofnaðir með aðkomu hans, bæði Framsóknarflokkurinn og Alþýðuflokkurinn. Jónas lagði verkalýðnum til vopnin til baráttunnar, en hann kom að stofnun Sjómannafélags Reykjavíkur og ASÍ. Jónas nam m.a. í Oxford á Englandi við Ruskin College en sá háskóli var rekinn af bresku samvinnu- og verkalýðshreyfingunni. Hann varð einn öflugasti baráttumaður Ungmennafélagshreyfingarinnar. Hann var sá stjórnmálamaður, sem stóð að stofnun héraðsskólanna og opnaði ungu fólki leið til mennta. Enn fremur var hann skólastjóri Samvinnuskólans og þaðan útskrifaðist ungt fólk, sem reisti atvinnulífið til hins nýja tíma. Bæði Þjóðleikhúsið og Ríkisútvarpið voru börn Jónasar. Hvar kom Jónas ekki að verki? Stundum er sagt að Jónas hafi fundið upp „jarðhitann“.

Jónas var okkar Churchill

Þegar ég gekk þennan dag inn í gamla SÍS húsið, mennta- og menningarráðuneytið, staldraði ég við. Þarna er stytta af Jónasi, sem stendur í hlaði ráðuneytisins. Hún er ekki reist af þeim fjöldahreyfingum, sem hann blés lífsandanum í. Nei, það var Albert Guðmundsson, knattspyrnuhetja, þingmaður og ráðherra Sjálfstæðisflokksins, sem stóð fyrir þessu. Styttan er því táknrænn þakklætis- og virðingarvottur frá einum af þúsundum ungra manna,

> **Bæði Þjóðleikhúsið og Ríkisútvarpið voru börn Jónasar. Hvar kom Jónas ekki að verki? Stundum er sagt að Jónas hafi fundið upp „jarðhitann“.**

sem Jónas leiddi út í hinn stóra heim og til áhrifa. Albert sagði greinarhöfundi m.a. þetta: „Jónas var lang merkilegasti og mikilvægasti stjórnmálamaður Íslands, ekkert síðri heldur en Jón Sigurðsson.“

Það sem best hefur verið skrifað um Jónas er bók Guðjóns Friðrikssonar, í þrem bindum. Þau heita: „Með sverðið í annarri hendi en plóginn í hinni“, „Dómsmálaráðherrann“ og „Ljónið öskrar“. Þessar bækur eru saga Íslands og um leið saga mannsins, sem gæti kallast einn af arkitektum nýs tíma.

Var Jónas Winston Churchill okkar, engum manni líkur? Ógleymanleg er sagan þegar andstæðingar hans ætluðu að dæma hann geðveikan og koma dómsmálaráðherranum á Klepp. Þá skrifaði Jónas „Stóru bombuna“, frægustu varnargrein allra tíma, nema ef vera skyldi ræða Ólafs Jóhannessonar í Geirfinnsmálinu á Alþingi. Snilld Jónasar var m.a. ritleiknin og magnaðar ræður.

Margir menn bjuggu í Jónasi frá Hriflu, hann var engum manni líkur.

Vantar þig blaðið í dag, í gær eða helgarblað frá því í sumar?

Safnið er á frettabladid.is

» Á frettabladid.is finnur þú Fréttablaðið í dag og safn eldri blaða.

Lestu Fréttablaðið þegar þér hentar á frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ.IS



Stórkostlegt íþróttaafrek

Aron Pálmarsson, leikmaður Barcelona, lyfti lund þjóðarinnar upp í hæstu hæðir með einhverri mögnuðust frammistöðu sem íslenskur handboltamaður hefur sýnt þegar Ísland vann heims- og Ólympíumeistara Danmerkur um helgina.

Í svartasta skammdeginu og óveðurslægðum er alltaf gott að vita að íslenska landsliðið í handbolta getur stytt stundirnar. Stórmót í handbolta er orðinn fastur vani hérlendis en í ár átti mótið í raun að byrja í dag gegn Rússum. Leikurinn við Dani var einfaldlega of stór biti að kyngja. Það var enginn möguleiki að vinna heims- og Ólympíumeistarana enda hafa þeir verið með besta landslið heims í mörg herrans ár.

En Davíð hefur alveg sigrað Golíat áður, sérstaklega í íþróttum. Og í íþrótt þar sem sex eru inni á vellinum er gott að vera með einn besta handboltamann í heimi innan sinna raða og þjálfara sem hafði kortlagt nánast hverja hreyfingu sinna fyrrverandi lærisveina. Í liði Dana er Mikkel Hansen, sem flestir telja þann besta í heimi í dag en hann stóð í skugga Arons Pálmarssonar sem varpaði frá sér svo stórum skugga að Hansen var hálf lítill í sér – þó hann hafi alveg reynt að halda smá sýningu. Sýning Arons var einfaldlega betri, fallegri og skilaði í hús einhverjum eftirminnilegasta sigri sem íslenskt handboltalið hefur unnið.

Að koma að 20 mörkum í 31-30 sigri er einfaldlega stórkostlegt afrek. Aron skoraði 10 mörk, gaf níu stoðsendingar og fiskaði eitt víti. Mörkin komu í öllum regnbogans litum og stoðsendingar hans voru sumar hverjar fjarri raunveruleikanum. Skilningur hans á leiknum, hlaupum samherja sinna og getan til að troða handbolta í lúkurnar fram hjá risastórum lurkum var einfaldlega eins og að horfa á fallegt málverk. Tíminn virtist einfaldlega standa í stað. Hinn alræmdi slæmi kafli kom aldrei eða strákarnir okkar, sem allir ættu að fá aukahrós, leyfðu honum einfaldlega ekki að koma. Aron sá til þess.

Aron er fæddur í Hafnarfirði árið 1990 og það var snemma ljóst að þarna færi afburðaríþróttamaður. Eðlilega var körfubolti honum kær enda gerði karl faðir hans, Pálmar Sigurðsson, garðinn frægan á körfuboltagólfinu með Haukum, Grindavík og íslenska landsliðinu. Móðir hans, Arndís Heiða Einarsdóttir spilaði með FH í handbolta. Þá segir í DV árið 2001 að FH hafi orðið Íslandsmeistarar í innanhússfótbolta þar sem Aron og Gylfi nokkur Sigurðsson hafi skorað mörkin. Hann segir frá því sjálfur í viðtali við Monitor að hann hafi ætlað sér að verða atvinnumaður í fótbolta en hætt þegar hann var 16 ára. Ári síðar hafi þó vantað markvörð í annan flokk í fótboltanum og áður en Aron vissi af var hann kominn á meistaraflokksæfingar FH sem markvörður! Pressan var því mikil innan félagsins um hvora íþróttina hann myndi velja.

Hann spilaði sinn fyrsta meistaraflokksleik með FH aðeins 15 ára gamall gegn ÍBV í spennandi leik sem endaði 30-28 fyrir FH. Hann skoraði eitt mark. Í frétt Morgunblaðsins um leikinn segir; „Aron er leikmaður 4. flokks en spilar einnig með 3. og 2. flokki og hefur nú verið tekinn inn í meistaraflokkshópinn. Hann verður 16 ára í sumar – 19. júlí.“

Aron var fljótur að láta til sín taka með harpixið á höndunum. FH var í fyrstu deild en þrátt fyrir ungan aldur var hann burðarás í liðinu sem fór upp um deild. Þar hélt hann áfram að blómstra svo eftir var tekið. Alfreð Gíslason kom bankandi og tók guttann til liðsins árið 2008. Hann var 18 ára. Undir stjórn Alfreðs tók hann stökkið úr því að vera efnilegur í að verða góður og síðan frábær yfir í heimsklassa leikmann þar sem hann hefur haldið sig. Hann var sex ár hjá Kiel og vann nánast allt sem hægt er að vinna. Meðal annars var hann valinn íþróttamaður ársins árið 2012, aðeins 22 ára, eftir stórkostlegt ár. Kiel varð Evrópumeistari, þýskur meistari með fullu húsi stiga og bikarmeistari. Á Ólympíuleikunum var hann valinn í lið leikanna. Hann færði sig til Veszprém árið 2015 og spilaði þar í tvö ár. Þaðan fór hann til Barcelona árið 2017 þar sem hann er enn.

Eftir leikinn hefur hrósi rignt yfir Aron. Ekki aðeins á Íslandi heldur um gjörvalla Evrópu. Sé farið um slóðir fjölmiðla þjóðanna sem taka þátt eru allir sammála. Sýning Arons stóð upp úr um helgina. Í dag tekur við næsti andstæðingur, sjálfur rússneski björninn og hefst leikurinn klukkan 17.15. Rússland kom úr fjórða styrkleikaflokki en á blaðamannafundi í gær var hamrað á því að þeir væru sýnd veiði en ekki gefin.

benediktboas@frettablaðið.is

9,6

fékk Aron í einkunn, af tíu mögulegum, fyrir sóknarleik sinn samkvæmt HB Statz enda ekkert eðlilegt að koma að 20 mörkum í einum handboltaleik. Það er eiginlega fáránleg tölfræði.

» Hann spilaði sinn fyrsta meistaraflokksleik með FH aðeins 15 ára gamall gegn ÍBV í spennandi leik sem endaði 30-28 fyrir FH. Hann skoraði eitt mark.

HETJA HELGARINNAR

Aron Pálmarsson

Sonur Arndísar Heiðu Einarsdóttur sem lék handbolta með FH og Pálmars Sigurðssonar sem spilaði með Haukum, Grindavík og íslensku landsliðinu í körfubolta. Fæddur 19. júlí 1990 og byrjaði 15 ára að spila með Meistaraflokki FH. Hann gekk í raðir þýska stórliðsins Kiel árið 2009 og vann þar allt sem hægt er að vinna undir stjórn Alfreðs Gíslasonar. Færði sig til Ungverjalands og spilaði með Vesprém í tvö ár áður en hann færði sig til Barcelona. Hann hefur einu sinni verið valinn íþróttamaður ársins.

„Það sést í fyrri hálfleik Aron Pálmarsson að hann er einn topp þrír besti leikmaður í heimi.

Guðjón Valur Sigurðsson um Aron í viðtali við Vísi eftir leik.

„Við vorum með frábært lið, fullt af frábærum leikmönnum en það var enginn eins og Aron. Hann gerir einstaka hluti. Hann er líka mjög almennilegur strákur og mikill fagmaður.“

Xavi Sabaté sem þjálfaði Aron hjá Veszprém.

FÓLK
Heimili
MÁNUDAGUR 13. JANÚAR 2020

Íris Jensen hjá Innréttingum & tækjum segir mikinn áhuga á mosaplötum sem dempa hljóð og setja fallegan svip á umhverfið. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Flottur mosaveggur og umhverfisvæn salerni

Íris Jensen er framkvæmdastjóri Innréttinga & tækja við Ármúla sem bjóða gott úrval af baðinnréttingum, blöndunartækjum og hreinlætistækjum. Nú fást umhverfisvæn salerni í versluninni og spennandi nýjungar eru í boði. →2

HVER VANN?

Sportið á frettabladid.is færir þér allar nýjustu fréttirnar úr heimi íþróttanna.

Hægt er að fá margvíslegar úrfærslur á mosaplötunum.



Mosaplöturnar eru frábærar til að dempa hljóð t.d. í húsum þar sem hátt er til lofts eða stór og opin rými.



Hægt er að klæða heilu veggina með mosaplötum.

Umhverfisvænt salerni með sjálfvirkum búnaði.



Falleg hreinlætistæki í flottum litum lífga upp á baðherbergið. Þessi tæki eru frá ítalska framleiðandanum Globo sem er þekktur fyrir fagra hönnun.

Framhald af forsíðu

Innréttingar & tæki er fjölskyldufyrirtæki sem er starfrækt við Ármúla 31 og hefur verið rekið um langt skeið eða frá árinu 1945. „Amma mín stofnaði það sem heildverslun en 1993 var því breytt í verslun af foreldrum mínum," segir Íris Jensen eigandi en þau Grétar Þór Grétarsson, eiginmaður hennar, tóku við rekstrinum árið 2014. „Við ákváðum að slá til og höfum staðið vaktina síðan," segir hún létt í bragði.

Innréttingar & tæki eru best þekkt fyrir mikið úrval af baðinnréttingum, blöndunartækjum, hreinlætistækjum og sturtuklefum þar sem gæði og góð hönnun eru í fyrirrúmi en spennandi nýjungar streyma nú í verslunina. „Við erum nýlega byrjuð með umhverfisvænar plötur með mosa sem eru frábærar til hljóðeinangrunar og henta vel fyrir heimili, fyrirtæki og stofnanir. Mosaplöturnar eru afar fallegar og til mikillar prýði. Þær eru úr náttúrulegum mosa, laufum og umhverfisvænum efnum sem ekki þarf að hugsa mikið um. Mosaplöturnar eru frá ítalska hönnunarfyrirtækinu Benetti Home. Þær má setja upp sem stóran eða lítinn gróðurvegg eða klippa til og búa til listaverk eða lógó fyrirtækja, allt eftir því sem hver og einn vill," segir Íris.

Plöturnar eru búnar til úr léttu áli og á þær er settur mosi, sem er sérstaklega ræktaður í þeim tilgangi. Íris segir mosaplöturnar hafa vakið mikla athygli og þær séu vinsælar víða um heim. „Plöturnar eru vistvænar og það þarf lítið sem ekkert að hugsa um þær. Mosinn heldur sér vel og það þarf aðeins að úða efni á hann á nokkurra mánaða fresti ef rakinn er lítill. Einfaldara getur það ekki verið. Það er hægt að sjá risastóran vegg úr mosaplötunum við upplýsingaborðið í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, en hann kemur mjög vel út. Mosaplöturnar eru líka eftirsóttar til að skreyta hótel og veitingastaði en þær setja mjög skemmtilegan svip á umhverfið," segir Íris.

Mosaplöturnar fást í mismunandi stærðum og segir Íris hægt að velja um ljósan eða dökkan mosa, mosa blandaðan laufum eða bara mosa. „Það er líka bæði hægt að hafa mosann mjúkan eða harðan, allt eftir smekk hvers og eins," upplýsir hún og ítrekar að um náttúrulegt efni sé að ræða. „Plöturnar eru frábærar til að dempa hljóð t.d. í húsum þar sem hátt er til lofts eða stór og opin rými. Mosinn skapar líka notalega stemningu," segir Íris.

> **Plöturnar eru vistvænar og það þarf lítið sem ekkert að hugsa um þær. Mosinn heldur sér vel og það þarf aðeins að úða efni á hann á nokkurra mánaða fresti ef rakinn er lítill.**

Umhverfisvænt salerni

Íris segir að Innréttingar & tæki leggi mikið upp úr því að bjóða viðskiptavinum umhverfisvænar vörur eftir því sem kostur er. „Hjá okkur fæst umhverfisvænt salerni frá spænska fyrirtækinu Gala. Þar er búið að sameina salernisskálina og skolskálina í eitt tæki. Þetta salerni er útbúið fjarstýringu og það er hægt að fá bæði skol og blástur sem minnkar verulega eða algjörlega notkun á salernispappír. Þessi salerni eru mjög vinsæl í löndum þar sem ekki má setja salernispappír í klósettið. Þetta er virkilega falleg hönnun sem kemur vel út á baðherbergi," segir Íris.

Bleikt eða blátt

„Það nýjasta í hreinlætistækjum eru salerni og handlaugar í fallegum litum en þau hafa verið svakalega vinsæl hjá okkur. Við bíðum núna spennt eftir að fá salerni og handlaugar í bleiku sem eru að koma í hús, en á þessu ári verður litaúrvalið sérstaklega skemmtilegt. Hreinlætistækin sem fást hjá Innréttingum & tækjum eru að mestu frá Globo, sem er ítalskt fyrirtæki. Fólk á öllum aldri hefur mikinn áhuga á því að breyta til að fá hreinlætistæki í skemmtilegum lit," segir Íris en hreinlætistækin frá Globo eru einstaklega smekkleg og stílhrein. „Ef fólk vill lífga upp á baðherbergin hjá sér eru hreinlætistækin frá Globo algjörlega málið," segir Íris að lokum.

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Jóhanna Helga Viðarsdóttir

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

- Fjögur mjög rúmgóð herbergi, bað og gestasnyrting
- Góðar stofur, arinn og stór garður

Nánari upplýsingar:
s. 773 6000 Þórunn Pálsdóttir löggiltur fasteignasali

Ásholt 2
101 Reykjavík

Rúmgóð 3ja herbergja íbúð á 2. hæð

Verð : **53,9 millj.**

- Eignin er alls 109,1 fm
- Það er tvö svefnherbergi, baðherbergi og eldhús
- Suðursvalir með frábæru útsýni
- Stæði í bílageymslu.

Nánari upplýsingar:
s. 775 1515 Jason Kr. Ólafsson löggiltur fasteignasali

FOLD FASTEIGNASALA

Sóltún 20 • Sími: 552 1400
www.fold.is • fold@fold.is

Viðar Böðvarsson
viðskiptafr. og lögg. fast.
vidar@fold.is / 694-1401

Gústaf Adolf Björnsson
íþróttafræðingur og lögg.fast
gustaf@fold.is / 895-7205

Kristín Pétursdóttir
lögg. fast.
kristin@fold.is / 8241965

Anna Ólafía Guðnadóttir
íslenskufræðingur

Rakel Viðarsdóttir
viðskiptalögfr. og í löggildingarnámi
rakel@fold.is / 699-0044

Einar Marteinsson
lögg. fast.
einarm@fold.is / 893-9132

Grandavegur 47, 107 Rvk., íbúð fyrir 60+
OPIÐ HÚS MÁNUD. 13.1.KL. 16:30-17

Grandavegur 47, 115 fm. útsýnisíbúð á 3. hæð (íbúð 308) auk stæðis í bílageymslu, samtals ca. 138 fm. Glæsileg íbúð í vönduðu fjölbýli við Grandaveg fyrir 60 ára og eldri. Yfirbyggðar suðursvalir með miklu útsýni. Íbúðin er smekklega endurnýjuð og frábærlega staðsett í húsinu með tilliti til útsýnis. Getur verið laus fljótlega.**Verð 59,8 millj.**
Opið hús mánudag 13.1 kl. kl. 16:30-17, verið velkomin.

Hraunbrún 26, 220 Hfj., einbýli.
OPIÐ HÚS ÞRIÐJUDAG 14.1. KL. 16:30-17:15

Hraunbrún 26, Hafnarfirði: Rúmlega 180 fm. fallegt og vel viðhaldið hús á einstökum stað í rólegu umhverfi við Hraunbrún í Hafnarfirði. Svefnherbergi eru 4-5. Góður bílskúr. Rafmagnstafla og raflagnir nýlegar. Nýleg inntök á köldu og heitu vatni. Gluggar nýlegir að hluta. Falleg lóð með skjólgóðum palli. Þetta er fjölskylduhús á einstökum stað.
Verð 74,9 millj. **Opið hús þriðjudagi 14.1.kl. 16:30-17:15, verið velkomin.**

Hafnarbraut 9a, 200 Kópavogi.
OPIÐ HÚS MIÐVIKUDAGINN. 15.1.KL. 16:30-17.15

Glæsileg endaíbúð á frábærum stað við smábátahöfnina í Kópavogi ásamt stæði í bílageymslu. Laus fljótlega. Eignin skiptist í þrjú rúmgóð svefnherbergi, stóra stofu, opið eldhús, baðherbergi og gestasnyrtingu. Gólfefni eru ljóst harðparket nema á votrýmum þar sem eru flísar. Íbúðin er björt og lofthæð góð. **Verð 69,9 milljónir.**
Opið hús miðvikudaginn 15.1 kl. kl. 16:30-17:15, verið velkomin.

Stýrimannastígur 8,
101 RVK., EINBÝLI

Stýrimannastígur 8: Ca. 177 fm gullfallegt hús á frábærum stað í Vesturborginni. Húsið hefur verið endurinnréttað á síðustu árum og er allt hið glæsilegasta. Á hæðinni eru rúmgóðar stofur með arni, eldhús og sjónvarpshol auk gestasnyrtingar. Á efri hæð eru þrjú svefnherbergi og tvö baðherbergi. Kjallari er óinnréttaður en teikningar fylgja . Húsið er stórglæsilega innréttað og öll vinna hin vandaðasta. **Skipti möguleg á minni eign.**

Sæviðarsund 13, 104 Rvk.
3 ÍBÚÐIR Í SAMA HÚSI

Sæviðarsund 13, samtals 168 fm. Góð ca. 83 fm 3ja-4ra herbergja íbúð með tvennum svölum á 1. hæð. Íbúðinni fylgir ágæt ca. 52 fm 2ja herbergja íbúð í kjallara auk 29 fm. bílskúrs sem búið er að innrétta sem íbúð Samtals um 168 fm. í fallegu húsi við Sæviðarsund. Kjörið tækifæri fyrir leigufjárfesta og stórar fjölskyldur. **Verð 69,9 millj.**
Nánari upplýsingar á skrifstofu.

Ásvegur 21, 600 Akureyri,
SÉRHÆÐ MEÐ AUKAÍBÚÐ

Rúmlega 200 fm. eign sem skipist í sérhæð, aukaíbúð og aukaherbegi í kjallara í fallegu tvíbýlishúsi á góðum stað á Akureyri. Hæðin er með stofum og 2-3 svefnherbergjum og er glæsilega innréttuð. Í kjallara er 33 fm. 2ja herbergja íbúð auk herbergis sem mögulegt er að leigja sér. Þetta er því eign með mikla útleigutekjumöguleika sem getur jafnframt hentað fyrir fjölskyldu með unglinga. **Verð 55,8 millj.**

Dalbraut Bíldudal:
VÖNDUÐ EFRI SÉRHÆÐ

Glæsileg efri sérhæð með sérinngangi ásamt bílskúr í tvíbýlishúsi á Bíldudal. Stór og sólrík verönd með heitum potti. Einstakt útsýni. Íbúðin er skráð rúmir 158 fm. auk þess er er tæplega 30 fm. bílskúr, samtals 186,2 fm. Nýtt járn á þaki og þakkantur endurnýjaður. Einstakelag falleg staðsetning. **Verð 34,9 millj.**

Skólastígur 28, 340 Stykkishólmur.
TVÆR SAMÞYKKTAR ÍBÚÐIR. GOTT VERÐ!

<MYND>9673058.jpg<BODY>Hús á frábærum útsýnisstað í Stykkishólmi. Öll húseignin sem skiptist í dag í tvær 3ja herbergja íbúðir með sérinngangi: íbúðin niðri er 92,7 fm, íbúðin uppi 87,6 fm og bílskúrinn 24 fm, samtals 204,3 fm. Parket og flísar á gólfum. Góð staðsetning og mikið útsýni. Mögulegt að kaupa saman eða í sitt hvoru lagi. Pantið tíma fyrir skoðun. **Verð 39,9 millj.**

Atvinnuhúsnæði / Austurströnd 4
SELTJARNARNESI

Atvinnuhúsnæði á jarðhæð á mjög góðum stað við Austurströnd 4 á Seltjarnarnesi: 181,2 fm með innkeyrsludyrum og lagerrými. Síðir gluggar. Snýr í norður og vestur. Húsnæðið getur verið laust við kaupsamningsgerð. Húsnæðið er í dag hólfað í tvö bil en auðvelt að sameina aftur. **Verð 45,9 millj. Velkomið að bóka skoðun, 552-1400 / fold@fold.is.**

Hafnarbraut 2, 200 Kópavogur
ATVINNUHÚSNÆÐI

Tæplega 200 fm iðnaðarbil ásamt óskráðu 40 fm millilofti þar sem búið er að útbúa íbúðarrými. Húsið er stálgrindarhús og holsteinn. Vinnslusalurinn er með steyptu gólfi og gryfju. 3ja fasa rafmagn. Stór rennihurð. Hagstæður leigusamningur sem hægt er að yfirtaka.
Verð 45 millj.

Suðurgata
LEIGA 4

Til leigu gott 290 fm parhús á tveimur hæðum. Eignin skiptist í 7 svefnherbergi, stofu, eldhús og baðherbergi. **Efri hæð:** Með sérinngangi á tveimur stöðum , fjórum rúmgóðum svefnherbergjum öll með parketi á gólfum, baðherbergi og eldhúsi. Væri líka mjög hentugt fyrir skrifstofu húsnæði. Mikil lofthæð og stórir gluggar í flestum rýmum. Afgirt fallegt útisvæði er á bakvið húsið. **Neðri hæð:** Sérinngangur, 3 svefnherbergi með parketi á gólfum, fataherbergi inn af hjónaherberginu. Stórt nýlega innréttað baðherbergi með flísum á gólfi, baði og sturtuklefa. Geymsla sem er möguleiki að breyta í eldhús. Afgirt fallegt útisvæði er á bakvið húsið. **Verð 600.000 á mánuði.**

Óskum eftir

- **Íbúðum í öllum hverfum Reykjavíkur til kaups eða leigu fyrir opinberan aðila.**
- **Traustar greiðslur.**
- **Langur leigutími.**
- **Nánari upplýsingar á skrifstofu.**

Hvað kostar eignin mín?
Kíktu á www.fold.is – eða hafðu samband í síma 552 1400 / 694 1401

Þú finnur okkur á fold.is

Gerplustræti 19

Verð frá 51.900,000



Til sölu fullbúnar og vandaðar íbúðir á útsýnisstað í Lágafellslandinu

Sölusýning mánudag frá kl. 17-17:30

- Stærð frá 110 fm.
- Bjartar íbúðir - frábært útsýni
- Tilbúnar til afhendingar
- Vandaðar innréttingar
- Stórar svalir
- Fullbúnar íbúðir
- Stæði í bílageymslu
- Aðeins 3 íbúðir óseldar

Þóra Birgisdóttir
Löggiltur fasteignasali
Sími: 777 2882
thora@fastborg.is

BORG
FASTEIGNASALA
Síðumúli 23 • 108 Reykjavík

Fullt af öflugu sölufólki!

hagvangur.is

HAGVANGUR

reitir.is

Til leigu

Höfðabakki 9, 450 eða 1.500 m²
Sveigjanlegt endurnýjað skrifstofuhúsnæði.

Höfðabakki 9, 631 m²
Lager- eða iðnaðarrými með innkeyrsluhurðum.

Aðalstræti 2, 200 m²
Skrifstofurými á 2. hæð í lyftuhúsi.

Aðalstræti 2, 200 m²
Klassískt, endurnýjað verslunarrými.

Austurströnd, 207 m²
Skrifstofu- eða þjónusturými á jarðhæð.

Laugavegur 26, 460 m²
Skrifstofa eða sýningarrými á jarðhæð.

Pósthússtræti 3, 72–184 m²
Rúmgóðar skrifstofur í vandlega endurnýjuðu húsi.

Suðurlandsbraut 24, 336 m²
Skrifstofa á 2. hæð, tilbúin til afhendingar.

Nánari upplýsingar á **reitir.is**, hjá Halldóri Jenssyni sölustjóra á **halldor@reitir.is** eða í síma 840 2100.

:R

REITIR FASTEIGNAFÉLAG

EIGNABORG
FASTEIGNASALA

Hamraborg 12 • 200 Kópavogur • 416 0500

ÁRANGUR Í SÖLU FASTEIGNA

www.eignaborg.is

Óskar Bergsson
fasteignasali
s. 893 2499

Hildur Harðardóttir
lögfr. og lgfs.
s. 897 1339

Elín G. Alfreðsdóttir
nemi til lögg.
s. 899 3090

Vilhjálmur Einarsson
fasteignasali
s. 864 1190

Sveinbjörn Sveinbjörnsson
lögmaður
s. 892 2804

heimili
fasteignasala
á traustum grunni

Bogi Molby Pétursson löggiltur fasteignasali. • Finnbogi Hilmarsson löggiltur fasteignasali.

Grensásvegur 3 • 2 hæð • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili@heimili.is • heimili.is

FÉLAG FASTEIGNASALA

FYRSTA SKREFIÐ ÞEGAR ÞÚ VILT SELJA FASTEIGN

Pantaðu verðmat á www.Verdmat.is

EIGNALIND
FASTEIGNASALA

s. 616 8880 • sos@eignalind.is

FRÍTT VERÐMAT FASTEIGNA

Sigurður Oddur Sigurðsson
Löggiltur fasteignasali
sos@eignalind.is
Sími 616 8880

Ellert Róbertsson
Sölumaður Fasteigna
í rúm 30 ár
ellert@eignalind.is
simi 893 4477

Erlendur Davíðsson
löggiltur fasteignasali
og verðbréfamiðlari.
Sími 8970199

Einar Pálsson
Eignalind Akureyri
Löggiltur fasteignasali
einar@eignalind.is
Sími 857-8392

Heiða Guðmundsdóttir
Hdl. löggiltur fasteignasali
Sími 779 1929
heida@eignalind.is

Embla Valberg
löggiltur fasteignasali
og leigumiðlari.
embla@eignalind.is
sími 7662-4577

Reykjavík
Snæfellsbæ
Höfn Hornafirði

VALHÖLL
FASTEIGNASALA
STOFNUD 1995

Síðumúla 27
Sími 588 4477
www.valholl.is

Ingólfur Geir Gissurarson
Framkvæmdastjóri, lögg.
fasteignasali og leigumiðlari
896 5222

Heiðar Friðjónsson
Sölustjóri. Löggiltur
fasteignasali B.Sc
693 3356

Snorri Snorrason
Löggiltur Fasteignasali
895 2115

Úlfar F. Jóhannsson
hdl. Lögfræðingur. Löggiltur
Fasteignasali. Skjalagerð.
692 6906

Margrét Sigurgeirsdóttir
Skrifstofustjóri
margret@valholl.is
588 4477

Pétur SteinarJóhannsson
Aðstoðarm. fasteingasala
Snæfellsnesi
893 4718

Anna F. Gunnarsdóttir
Löggiltur Fasteignasali
Lista og innanhús Stílisti
892 8778

Sturla Pétursson
Löggiltur Fasteignasali.
899 9083

Framúrskarandi fyrirtæki 2015 2018

Fagleg þjónusta
Vönduð vinnubrögð

Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!

ÁLFABORG
- síðan 1986 -

Skútuvogi 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is

Erum við að leita **að þér?**

Þú átt meira inni

Nú er tími til að stíga upp!

Eftir að hafa þjálfað 30.000 Íslendinga er enginn vafi í okkar huga að hver og einn á enn meira inni. Oftast það eru við sjálf sem höldum aftur af okkur. Að ná árangri er ákvörðun. Þó framtíðarhorfur á Íslandi séu góðar eru blikur á lofti til skamms tíma. Í þeim aðstæðum eru alltaf einhverjir sem stíga upp. Þú getur verið sá aðili.

Ávinningur:

- Ýtir undir starfsframa
- Eykur sjálfstraust og trú á eigin getu
- Lifir lífinu af meiri ásetningi
- Styrkir sambönd í starfi og einkalífi
- Leysir úr deilum og ýtir undir samstöðu
- Hefur jákvæð og hvetjandi áhrif á aðra
- Heldur jákvæðu viðhorf í krefjandi aðstæðum
- Eflir samskiptahæfni og tjáningu
- Fær þig til að standa út úr fjöldanum

Næstu námskeið:

20. janúar	Kvöldnámskeið í 8 skipti - Uppselt
6. febrúar	Kvöldnámskeið í 8 skipti
19. febrúar	Morgunnámskeið í 8 skipti
10. mars	Kvöldnámskeið í 8 skipti
3. apríl	3ja daga námskeið. 3 heilir dagar
27. apríl	Kvöldnámskeið 8 skipti

Upplýsingar um næstu ókeypis kynningartíma eru á **dale.is** eða í síma **555 7080**

Dale Carnegie™

© 2020 Dale Carnegie & Associates, Inc. All rights reserved. step up 010320 iceland

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

Aukahlutir í bíla

Viðgerðir

BIFREIÐAVERKSTÆÐI.
Tökum að okkur viðgerðir fyrir allar gerðir af bílum og vörubílum. Tímavinna eða tilboð.
Upplýsingar í s: 771-2242

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
Uppýsingar í síma 868-2055

Hreingerningar

VY-ÞRIF EHF.
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

FRÆSUN FYRIR GÓLFHITA OG FL.
Fræsun- rör- flotun

Tímavinna eða tilboð.
Upplýsingar á steinbrot@steinbrot.is eða í síma: 771-2242

Getum bætt við okkur verkefnum í almennt múrverk- flísalagnir-flotun og fl. Uppl hjá Þórði í s: 618-5286 eða thordurmurari@gmail.com

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

Keypt & Selt

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is

Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Vélar og verkfæri

Til sölu 2 snjótennur og 2 saltkassar með ferilvöktunarbúnaði, eru á bilauppbod.is.

Húsnæði

Húsnæði í boði

TIL LEIGU NÝLEGT 285 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK
285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000

Atvinnuhúsnæði

FRÍSTUNDABIL.
TIL LEIGU EÐA SÖLU 50 m2 bil.
Lofthæð 4 m. Hurð 3,7 m.
Lager eða geymsla.
Leiga: 99 þús. Facebook: Steinhella 14. Sími: 661-6800

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

Atvinna

Atvinna í boði

VÉLVIRKI EÐA VANUR MAÐUR ÓSKAST
Álheimar óskar eftir að ráða vélvirkja, bifvélavirkja eða vanan mann í málmsmíði / vélavinnu. Fjölbreytt framtíðarstarf, góð vinnuaðstaða. Uppl. í s. 869 1122, efnir@efnir.is www.alheimar.is

Tilkynningar

Skipulagsstofnun

Mat á umhverfisáhrifum
Athugun Skipulagsstofnunar

Viðhaldsdýpkun í Landeyjahöfn og efnislosun í sjó

Vegagerðin hefur tilkynnt til umfjöllunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um viðhaldsdýpkun í Landeyjahöfn og efnislosun í sjó.

Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá 13. janúar til 25. febrúar 2020 á eftirtöldum stöðum: Á skrifstofu Rangárþings eystra og í Þjóðarbókhlöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á vefsíðu stofnunarinnar: **www. skipulag.is.**

Allir hafa rétt til að kynna sér framkvæmdina og leggja fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en **25. febrúar 2020** til Skipulagsstofnunar bréfleiðis eða með tölvupósti á skipulag@skipulag.is.

Til sölu

VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is
geiri
www.geiriehf.is

Starfsmannaskápar
Fataskápar
Geymsluskápar



VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is
geiri
www.geiriehf.is
STÓRELDHÚS
FOODSERVICE DESIGN AND SHOPFITTINGS
Straumur

Draghálsi 4 - 110 Reykjavík - Sími: 535 1300 - verslun@verslun.is

TAKTIK 5362 #

LIQUI MOLY Vetrarvörur

Olíu bætiefni

Cera Tec

Cera Tec er míkró keramik smurefni sem er bætt út í smurolíur fyrir vélar, loftpressur, dælur og gírskiptingar. Hentar vel fyrir notkun í fólksbílum og véruflutningabifreiðum (bensín og dísil).
Má blanda við allar mótorolíur sem eru á markaði.
Langtímavirkni, allt að 50.000 km.
ATH: Má ekki nota með blaut kúplingum

Vörunúmer: LM3721

Vélahreinsir

Engine Flush er bætt í olíuna fyrir olíuskipti til að hreinsa smurkerfið. Hreinsuð vél fær betri þjöppun, gildi mengunar-losunar verða lægri og hún nær aftur fullum afköstum við minni eldsneytis-notkun.

Vörunúmer: LM2427

Visco Stabil Seigjujafnari

Visco Stabil ver vélina fyrir sliti við mikið álag með því að viðhalda seigju smurolí-unnar þegar hún hitnar undan álagi. Visco Stabil seigjujafnari hentar einnig til að verja vélina fyrir sliti við kaldræsi. Hjálpar oliunni að smyrja vélina þegar á reynir við háan snúnings-hraða og álag. Hentar vel fyrir slitnar vélar. Virkar með öllum smurolíum.

Vörunúmer: LM2807

Oil Smoke Stop Reykeyðir

Reykeyðir dregur úr smuroliúbrennslu vegna óþéttra stimpilhringja og ventlastýringa í bensín- og dísilvélum. Hann kemur í veg fyrir bláan reyk og olíuúða í útblæstri, svo og minnkun seigju í smurolíu. Reykeyðir eykur þjöppun, dregur úr vélarhljóði og verndar gegn óeðlilegu sliti. Lengir líftíma hvarfakúta.

Vörunúmer: LM2808

Dísil bætiefni

Dísilbætiefni fyrir einbunuvélar

Bætist við dísileldsneyti fyrir allar einbunudísilvélar með dæludrifnar innspýtingar. Hentar sérstaklega vel fyrir vélar sem teknar eru úr umferð í lengri tíma í senn og eru geymdar úti eða við erfiðar aðstæður.

Vörunúmer: LM8953

Dísil bætiefni

Super Diesel Additive

Super Dísil bætiefnið hreinsar og sundra óhreinindum, bæta bruna og ver nýjustu dísilvélarnar. Þannig fæst betri smurning fyrir dísilolíu með lágt brennisteinsinnihald og betri bruni í kaldri vél ásamt minni mengun og lykt í útblæstri.
Hentar öllum gerðum dísilvéla.

Vörunúmer: LM2814

Dísil Antigel

Dísil antigel dregur úr vexti parafínkristalla sem geta myndast í kulda og bætir rennslismörk dísilolíu í köldu veðri. Hentar fyrir allar stærðir og gerðir af díslil vélum.

Vörunúmer: LM8929

Sótagnasíuvörn

Dregur úr myndun sótagna og lengir þannig endingu sótagnasíu dísilvéla.

Með reglulegri notkun Diesel Particulate Filter Protection frá Liqui Moly helst sótagna-sía dísilvéla hreinni og komist er hjá miklum viðgerða-kostnaði og verkstæðistímum.

Vörunúmer: LM7180

Bensín bætiefni

Innspýtingarhreinsir

- Hreinsar eldsneytisleifar úr innspýtingarkerfum
- Fjarlægir kolefnisútfellingar og aðrar útfellingar á spíssum, innspýtingar-ventlum og inntaksventlum og öðrum hlutum eldsneytiskerfis
- Virkar á öll innspýtingar-kerfi
- Hentar mjög vel á bifreiðar með hvarfakúta
- Tryggir besta gang vélar og lága eldsneytisnotkun vegna nákvæmrar eldsneytis-skömmtunar og úðamyndunar
- Tryggir lágmarksmengun í útblæstri

Vörunúmer: LM1803

Bætiefni fyrir tvinnbíla

Fyrir tvinnökutæki með bensínvélum.
Setjið bætiefnið beint á tankinn.
Einn brúsi nægir fyrir 75 lítra af bensíni.

Vörunúmer: LM1001

Bensín bætiefni

Speed Tec bensín bætiefni

Speed Tec Benzin er hátækni, hrein-bruna bætiefni sem bætir hröðun og bruna á tilteknu álagssviði. Efnið er samræmanlegt við allar útfærslur bensíns og bætiefna. Speed Tec Benzin bætir hröðun ökutækis umtalsvert. Bætiefni í allar tví- og fjór-gengisvélar, sérstak-lega í vélknúnum ökutækjum, einnig mótorhjólum. Varan bætir hröðunareiginleika véla og veldur mýkri virkni.

Vörunúmer: LM3720

Ýmsar vörur

Kontakt úði

Notað til hirðu og viðhalds (hreinsun og vörn) í öllum rafbúnaði ökutækja svo sem á stungutengi og leiðslu-sambönd, perustæði, tengibox, rofabúnað, raflíða, kveikistraumsdeila, snerturofa, ræsa, rafala, vör, rafgeymapóla og loftnet og til að smyrja viðkvæman vélbúnað.

Vörunúmer: LM3110

Umhirða bílsins

Vatnskassahreinsir 300m

Bætið hreinsinum út í kælivatnið. Hafið kveikt á kælikerfinu. Leyfið vélinni að ganga í 10-30 mínútur í venjulegum gangi.
Tappið hreinsinum af og skolið kælikerfið með vatni. Fyllið á kælikerfið samkvæmt leiðbeiningum frá framleiðanda.
300 ml af hreinsinum er nóg fyrir 10 lítra af vatni.

Vörunúmer: LM2829

Gúmmíumhirða staukur 75ml

Hristið brúsann vel fyrir notkun. Ef meðhöndla á lítil svæði, úðið á klút og berið á. Þegar stór svæði eru meðhöndluð skal úða beint á svæðið og nudda með klúti. Regluleg notkun gefur mestan árangur.

Vörunúmer: LM7182

Lása úði 50ml

Lásaúðinn var hannaður til að smyrja og verja lásinn að innan. Ásamt því að afþýða ísingu innan í lásnum.

Eiginleikar:
- Varanleg ryðvörn
- Skemmir ekki plast, gúmmí og lakk
- Góðir smureiginleikar
- Frábært til af-ísingar
- Minnkar núning og slit

Sérhannað fyrir smurningu og afþýðingu á lásum, hurðarlömum og speglum.

Vörunúmer: LM1528

Stilling
Allt fyrir bílinn

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

13. JANÚAR 2020 MÁNUDAGUR

Merkisatburðir

1610 Galileo Galilei uppgötvar Callisto, fjórða fylgitungl Júpiters.

1830 Stórbruni í New Orleans. Talið var að þrælar í uppreisn hefðu kveikt eldana.

1882 Richard Wagner lýkur við óperuna Parsifal.

1894 Niðurlögum uppreisnar ráðið á Sikiley.

1895 „Ideal husband“, leikrit Oscars Wilde frumsýnt í Lundúnum.

1915 Jarðskjálfti skekur Avezzano og nágrenni um miðbik Ítalíu og verður um 30 þúsund að aldurtila.

1920 Fullyrt í ritstjórnargrein stórblaðsins New York Times að eldflaugar muni aldrei fljúga. Það reyndist rangt.

1930 Mikki mús stígur fram í myndasögu í fyrsta sinn.

1938 Enska kirkjan viðurkennir þróunarkenninguna.

1943 Adolf Hitler lýsir yfir allsherjarstríði gegn bandamönnum.

1945 Fimmta sinfónía Prokofévffs frumflutt í Moskvu.

1953 Tító kjörinn forseti Júgóslavíu.

1959 Charles de Gaulle náðar 130 Alsíringa sem höfðu hlotið dauðadóm.

1964 Karol Wojtyla, sem síðar varð Jóhannes Páll páfi annar, varð erkibiskup í Kraká, Póllandi.

1978 NASA, bandaríska geimferðastofnunin velur fyrstu kvengeimfarana.

1991 Mário Soares endurkjörinn forseti Portúgals.

1992 Japanir biðjast fyrirgefningar á að hafa neytt kóreskar konur í kynlífsþrælkun á tímum seinni heimsstyrjaldar.

2000 Bill Gates stígur úr stóli forstjóra tæknirisans Microsoft.



Dr. Guðni Axelsson tók við sem forstöðumaður Jarðhitaskólans um nýliðin áramót. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Í forystu um jarðhitanám

Nýr forstöðumaður Jarðhitaskólans vill viðhalda öflugu starfi skólans sem starfað hefur í fjörutíu ár. Starfsemi skólans er hluti framlags Íslands til þróunarsamvinnu.

Eg mun fyrst og fremst reyna að viðhalda þeirri öflugu og mikilvægu starfsemi sem Jarðhitaskólinn hefur sinnt síðustu fjóra áratugina, með áherslu á að viðhalda faglegum gæðum starfseminnar. Það á eftir að koma í ljós á næstu misserum hvort þörf verður á einhverjum áherslubreytingum,“ segir dr. Guðni Axelsson, jarðeðlisfræðingur, sem tók við starfi forstöðumanns Jarðhitaskólans um nýliðin áramót. Fráfarandi forstöðumaður var Lúðvík S. Georgsson, sem tók við skólanum árið 2013 af Ingvari Birgi Friðleifssyni.

„Undanfarin ár hafa um 25 nemendur fengið sex mánaða þjálfun hjá skólanum. Það að auki hefur skólinn stutt fimm meistaranema og einn doktorsnema árlega til jarðhitanáms við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík,“ segir Guðni. „Þá hefur fjöldi nema sótt námskeið skólans og samstarfsaðila hans í Kenýa og El Salvador. Frá því skólinn tók til starfa 1979 hafa 718 nemendur frá 63 þróunarlöndum lokið sex mánaða þjálfuninni.“

Guðni segir starfsmenn Jarðhitaskólans fimm, en mikill fjöldi kennara komi að þjálfuninni aðallega frá Íslenskum orkurannsóknum, háskólunum, verkfræðistofum og orkufyrirtækjum. Námið sé þríþætt. Í fyrsta lagi almenn kennsla um allt sem við kemur jarðhitarannsóknum, vinnslu jarðhita og nýtingu. Í öðru lagi sérhæfð þjálfun á tilteknu sérsviði og að síðustu verkefni sem unnin eru undir leiðsögn íslenskra sérfræðinga.

> **Undanfarin ár hafa um 25 nemendur fengið sex mánaða þjálfun hjá skólanum.**

„Svo kemur skólinn að rekstri jarðhitanáms í El Salvador og á síðasta ári hófst rekstur náms í Kína í samvinnu kínverskra og íslenskra stjórnvalda, sem Jarðhitaskólinn kemur að.“

Guðni segir nemendurna koma frá ýmsum þróunarlöndum þar sem jarðhita er að finna, aðallega frá opinberum stofnunum og fyrirtækjum. Flestir séu með grunnmenntun í jarðvísindum og verkfræði og á aldrinum 25 til 35 ára.

„Oftast hafa nemendurnir einhverja innsýn í jarðhita og nýtingu hans, en stundum þó á frumstigi. Lengi hefur verið lögð mikil áhersla á jafnan hlut kvenna og karla í náminu,“ segir Guðni.

Hann segir breytingu hafa nýlega orðið á tengslum við Háskóla Sameinuðu þjóðanna. „Frá upphafi og til 2019 var skólinn tengdur Háskóla Sameinuðu þjóðanna, en ákveðið var að slíta því samstarfi vegna breyttra áherslna háskólans. Í staðinn mun skólinn tengjast Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, í gegnum GRÓ, Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu Íslands, ásamt Sjávarútvegs-, Landgræðslu- og Jafnréttisskólunum. Ekki er komin reynsla á samvinnuna við UNESCO, en hún verður að teljast ekki síður viðeigandi en samvinnan við Háskóla Sameinuðu þjóðanna, vegna aðkomu UNESCO að þróun mennta-, vísinda- og menningarmála í heiminum.“

Guðni segir fjármagn til rekstrarins vera hluta af framlagi Íslands til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu en það fé komi að stærstu leyti frá utanríkisráðuneytinu.

„Framlag skólans síðustu fjóra áratugi hefur haft umtalsverð áhrif á uppbyggingu endurnýjanlegrar orkunýtingar í fjölda þróunarlanda og hefur starfsemi skólans þannig hjálpað löndunum að draga verulega úr notkun jarðefnaeldsneytis og úr losun gróðurhúsalofttegunda. Starfsemi skólans hefur einnig verið mjög mikilvæg aðilum hér á landi sem sinna jarðhitarannsóknum og nýtingu,“ segir hann.

Guðni segir að í apríl verði stór alheimsjarðhitaráðstefna, World Geothermal Congress 2020, haldin hér á landi. „Þar verður þáttur fyrrverandi nemenda mjög veigamikill. Þeir eru meðal annars höfundar vel yfir 400 fyrirlestra eða veggspjalda, af rúmlega 1800 fyrirlestrum og veggspjöldum alls.“

jon@frettabladid.is

†

Ástkær móðir okkar, uppeldismóðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Ingibjörg Ingimundardóttir

Hrísmóum 7, Garðabæ,

sem lést föstudaginn 3. janúar verður jarðsungin fimmtudaginn 16. janúar kl. 13 frá Vídalínskirkju í Garðabæ.

Agnes Jóhannsdóttir
Bessi Þorsteinsson
Dagbjört Hansdóttir
Sigurbjörn Sveinsson
Hermann Hansson
Auðbjörg Tómasdóttir
Svava Hansdóttir
Jóhannes Kristjánsson
Hrafn Ingimundarson
Elín Ágústsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055.

ÞETTA GERÐIST 13. JANÚAR 1903

Forystumaðurinn Hannibal Valdimarsson fæðist

Hannibal Valdimarsson fæddist þennan dag árið 1903. Hann var einn umdeildasti og um leið litríkasti stjórnmálaleiðtoginn á vinstri væng stjórnmálanna á sinni tíð. Hann barðist fyrir réttindum verkafólks og trúði á nauðsyn sterkrar verkalýðsforystu. Hann var formaður í tveimur stjórnmálaflokkum á sínum ferli, Alþýðuflokknum og Samtökum frjálslyndra og vinstri manna og veitti að auki kosningabandalaginu Alþýðubandalaginu forystu. Hann var var forseti Alþýðusambandsins, ASÍ, 1954 til 1971.

Hannibal Valdimarsson.

Hannibal var þó alla tíð talinn eindreginn jafnaðarmaður sem barðist einarðlega fyrir skoðunum sínum en þótti ekki alltaf auðveldur í samstarfi og haft var á orði að hann þætti lítt gefinn fyrir málamiðlanir.

Hannibal hóf þátttöku í stjórnmálum á Ísafirði upp úr 1930 og varð mjög fljótlega leiðtogi þeirra sem kallaðir voru „Ísafjarðarkratar“ og þóttu mjög harðsnúnir og jafnvel sagðir róttækir.

Hannibal Valdimarsson lést 1. september árið 1991.



Í KVÖLD - TVÖFALDUR FYRSTI ÞÁTTUR

Outsider

Spennuþáttaröð frá HBO sem byggð er á metsölubók eftir Stephen King með Jason Bateman í aðalhlutverki. Þegar ungur drengur er myrtur á hrottalegan hátt fer af stað rannsókn sem í fyrstu virðist borðleggjandi.

stod2.is 1817

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Mánudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
-4 °C | 4 ←	-2 °C | 17 ↙	-1 °C | 6 ↘
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
-4 °C | 2 ↑	-4 °C | 9 ↙	-11 °C | 7 ↘

Hvöss norðaustanátt á NV- og V-verðu landinu og allhvöss vestlæg átt A-lands, annars yfirleitt hægari vindur. Víða snjókoma eða él, en þurrt að kalla A-til. Lægir víða í nótt, en áfram hvasst NV-til. Frost 0 til 8 stig.Vaxandi NA-átt á morgun, víða 15-25 m/s um kvöldið, hvassast S- og V-til. Þurrt SV-til, slydda eða snjókoma um landið austanvert en annars él. Hiti um og undir frostmarki.

Þriðjudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
2 °C | 11 ↓	-3 °C | 22 ↙	2 °C | 12 ↘
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
3 °C | 12 ↓	2 °C | 10 ↓	-3 °C | 16 ↓

Miðvikudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
-1 °C | 5 ↘	-3 °C | 4 ↘	-2 °C | 1 →
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
0 °C | 2 ↑	0 °C | 6 ↘	-5 °C | 6 ↘

LÉTT

			3	6				9
	5		4		9	3		7
			5				6	
6	8				3			5
3				4		9		
9	7	1	6			4		
						1		4
		9		7		2		3
7		2						

MIÐLUNGS

2	9		1		6			
1	8		3					6
			4		2		9	
		6		2				
5				1		7		4
			6				2	
8			7			1		
			9	5				
	7	3		4		8		

ÞUNG

	4				6		2	
	1			4		3		7
		7			3			6
		1						
7	9	5			1		6	
8		3		6	4			
6					9			5
		8				1		
	7				5			3

Krossgáta

LÁRÉTT
1. Greind
5. Barlómur
6. Taumur
8. Helský
10. Gangflötur
11. Strákpatti
12. Bölvanlega
13. Býsna
15. Sería
17. Fangi

LÓÐRÉTT
1. Deildar
2. Síki
3. Tímabil
4. Spil
7. Stjórnarfar
9. Þverslá
12. Lögur
14. Loftfar
16. Bráðlyndur



LÁRÉTT: 1. skörp, 5. vil, 6. ól, 8. eldský, 10. il, 11. peð, 12. verr, 13. afar, 15. ritröð, 17. snarl.
LÓÐRÉTT: 1. sveitar, 2. kíll, 3. öld, 4. póker, 7. lyð-ræði, 9. sperra, 12. vatn, 14. fis, 16. ör.

Skák Gunnar Björnsson

Guðlaug Þorsteinsdóttir (1958) átti leik gegn Yulian Malovanyi (2360) á Prag Open.

34...Bf3! 35. Dh2 Be4 36. Dd6 g6? (36...Kh5! vinnur þar sem e-peð svartur verður of sterkt). 37. Rxe4 dxe4 39. De5 Be3! Tryggir jafntefli. 40. Dh8+ Kg5.

Tata Steel-mótið hófst í Wijk aan Zeei á laugardag. Magnús Carlsen meðal keppenda. Fjórir keppendur jafnir og efstir á Skákþingi Reykjavíkur. **www.skak.is:** Nýjustu skák-fréttir.

Svartur á leik

7	8	5	2	4	6	3	1	9
2	9	3	1	7	8	5	6	4
6	4	1	5	9	3	7	2	8
3	5	7	8	1	9	6	4	2
4	1	9	3	6	2	8	7	5
8	6	2	7	5	4	9	3	1
5	7	6	4	8	1	2	9	3
9	2	4	6	3	5	1	8	7
1	3	8	9	2	7	4	5	6

8	6	1	3	9	5	4	7	2
7	4	9	2	1	6	5	8	3
3	2	5	7	4	8	9	1	6
5	8	4	6	2	9	7	3	1
6	7	3	4	8	1	2	9	5
9	1	2	5	7	3	6	4	8
1	5	7	8	6	4	3	2	9
2	3	8	9	5	7	1	6	4
4	9	6	1	3	2	8	5	7

8	1	4	9	2	5	3	7	6
5	9	6	1	3	7	2	4	8
2	3	7	8	4	6	5	9	1
6	7	9	2	8	3	4	1	5
3	4	8	7	5	1	9	6	2
1	5	2	4	6	9	8	3	7
9	6	5	3	7	2	1	8	4
7	8	1	5	9	4	6	2	3
4	2	3	6	1	8	7	5	9

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Birkir Karlsson er sýningarstjóri sýningarinnar Nokkur uppáhaldsverk. Hann valdi úr gríðarstórri safneign þau verk sem eru á sýningunni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Uppáhaldsverk í Nýlistasafninu

Birkir Karlsson safneignarfulltrúi valdi fimm verk til sýningar eftir fjóra listamenn. Texti er í öllum verkunum.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Sýningin Nokkur uppáhaldsverk stendur yfir í Nýlistasafninu í Marshallhúsinu. Þar eru sýnd verk úr eigu safnsins. Birkir Karlsson er sýningarstjóri en hann starfar í safninu sem safneignarfulltrúi.

„Árið 2015 þegar ég byrjaði í listfræðinámi í Listaháskólanum var eitt af verkefnunum þar að stýra lítilli sýningu í Nýlistasafninu. Þá skoðuðum við nemendurnir alla safneignina og fórum í gegnum hvert einasta verk. Síðan hef ég verið með í kollinum lista yfir uppáhaldsverk sem gaman væri að setja á sýningu," segir Birkir.

Birkir hafði úr nægu að velja fyrir þessa sýningu en rúmlega 2.000 verk eru í eigu safnsins. Hann valdi fimm verk, sem eru í mörgum einingum, eftir fjóra listamenn. „Ástæðan fyrir því að sum þessara verka eru sjaldan sýnd er að umfangið er ótrúlega mikið. Verk Douwe Jan Bakker er til dæmis 144 einingar og tekur á annan tug metra af veggplássi og þá er helmingurinn af sýningarrýminu undirlagt. Það eru 20 ár síðan þetta verk var síðast sýnt," segir Birkir.

Listaverk og vonbrigði

Birkir skrifar texta í sýningarskrá þar sem hann fjallar meðal annars um hugmyndir um listaverk og vonbrigðin þegar listaverkið reynist ekki vera eins og áhorfandinn átti von á. „Sem safneignarfulltrúi er ég stöðugt að taka á móti sýningarstjórum og opna fyrir þeim geymslur safnsins. Þegar ég tek verk úr umbúðunum heyrist fólk stundum segja: Ó, er þetta svona! Það hefur séð ljósmynd af verkinu eða heyrt sögur af því og svo er verkið allt öðruvísi en það átti von á. Það er ekki gott þegar fólk er búið að ákveða hvernig sýning á að vera og svo er verkið sem það vill fá á sýninguna allt öðruvísi en það hélt. Ég skrifa aðeins um þetta í sýningarskrána."

Textaverk listamanna

Um verkin á sýningunni segir hann: „Markmið mitt var ekki að velja þau þannig að þau pössuðu inn í eitthvað ákveðið konsept eða að þau töluðu saman. Þegar verkin eru skoðuð sést þó að það er texti í þeim öllum."

Listamennirnir sem eiga verk á sýningunni eru: G.Erla, Rúrí, Mihael Milunović og Douwe Jan Bakker. Verk G.Erlu er bróderíverk sem vel má túlka sem feðraveldisgagnrýni og það er á voldugum stöpli sem eitt sinn var í Ráðhúsinu.

„Verk Rúríar, Desolation, er nokkuð sérstakt að því leyti að það er úrvinnsla eða áframhald á eldra verki sem sem hún bjó til á Kolatorginu í Kaupmannahöfn árið 1984," segir Birkir. „Hún vann það upp úr reynslu sinni að hafa gengið um heilt þorp sem hafði verið lagt í eyði, það var rústir einar. Hún steypti svo hluta af þessum rústum í raunstærð og kom fyrir á torginu. Verkið á sýningunni í Nýlistasafninu kortleggur það ferli með myndum, teikningum og texta."

> ÁSTÆÐAN FYRIR ÞVÍ AÐ SUM ÞESSARA VERKA ERU SJALDAN SÝND ER AÐ UMFANGIÐ ER ÓTRÚLEGA MIKIÐ.

Mihael Milunović fæddist í Júgóslavíu og ljósmyndir hans á sýningunni sýna nokkra bíla með bílplötum sem bera áletanir: Hate-Lust-Hunger-Plague-Fear. Verkin voru búin til á sama tíma og Kósóvóstríðið geisaði. „Það er húmor í þessum myndum þótt umfjöllunarefnið sé drungalegt og þungt," segir Birkir.

Hollenski listamaðurinn Douwe Jan Bakker, sem lést árið 1997, var mikill Íslandsvinur. Verk hans á sýningunni eru tvö, ljósmyndaröðin Um sérstakt framlag Íslands og íslensks samfélags til sögu byggingarlistarinnar. „Hann ferðaðist mikið um landið og tók ljósmyndir af híbýlum Íslendinga úti á landi, þar af margar af torfbæjum. Þetta var á tímum þegar Íslendingar skömmuðust sín jafnvel fyrir torfbæi en hann gerði þeim hátt undir höfði. Allar myndirnar, rúmlega 30, eru af vistarverum og svarthvítar," segir Birkir. „Hitt verkið heitir A Vocabulary Sculpture in the Icelandic Landscape og samanstendur af 72 ljósmyndum af ákveðnum þáttum úr landslagi og jarðfræði landsins og fyrir neðan hverja mynd er íslenska hugtakið yfir viðkomandi fyrirbæri. Sum orðanna hef ég aldrei heyrt áður."

Ein af ljósmyndum Mihaels Milunović á sýningunni.

OPIÐ Á SUNNUDÖGUM Í DORMA SMÁRATORGI

SIMBA®

Eftir áralanga þróun og prófanir höfum við náð markmiði okkar.

Við höfum búið til eina þróuðustu dýnu heims

Simba tvinndýnan er gerð úr einstakri samsetningu 2500 keilulaga gorma og móttækilegs minnissvamps.

Fáðu betri svefn – sama hvert svefnmynstur þitt er.

SIMBA STÆRÐIR	VERÐ
Dýna 80 x 200 cm	79.990
Dýna 90 x 200 cm	89.990
Dýna 90 x 210 cm	94.990
Dýna 100 x 200 cm	94.990
Dýna 120 x 200 cm	104.990
Dýna 140 x 200 cm	114.990
Dýna 160 x 200 cm	134.990
Dýna 180 x 200 cm	149.990
Dýna 180 x 210 cm	159.990
Dýna 200 x 200 cm	169.990

Komdu og kynntu þér Simba í næstu Dormaverslun eða á www.simba.is

Afgreiðslutími Rvk
Mánudaga til föstudaga kl. 11-18.30
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorgi)
www.dorma.is

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn rætast

DAGSKRÁ

Mánudagur

HRINGBRAUT

20.00 Bókahornið Bókahornið fjallar um bækur af öllu tagi, gamlar og nýjar, með viðtölum við skapandi fólk.
20.30 Fasteignir og heimili Upplýsandi og fróðlegur þáttur um allt sem viðkemur fasteignum og góðum húsráðum.
21.00 21 - Fréttaþáttur á mánudegi 21 er kröftugur frétta og umræðuþáttur á Hringbraut í umsjón Sigmundar Ernis Rúnarssonar. Í 21 koma viðmælendur víða að og þar verða sagðar sögur og fréttir dagsins í dag kryfjaðar.
21.30 Suður með sjó Viðtalsþáttur um fólk á Suðurnesjum í stjórn Páls Ketilssonar.

RÚV SJÓNVARP

12.50 Gettu betur 1990 FB - FÁ
14.00 Maður er nefndur Stefán Jónsson.
14.35 Af fingrum fram Hafdís Huld Viðtals- og tónlistarþáttaröð í umsjón Jóns Ólafssonar. Jón fær til sín ýmsa tónlistarmenn í spjall og laðar fram í þeim ljúfa tóna fyrir áhorfendur.
15.20 Silfrið
16.25 Táknmálsfréttir
16.35 EM stofan Umfjöllun um leiki dagsins á EM.
17.05 Ísland - Rússland Bein útsending frá leik á EM-karla í handbolta.
18.45 EM stofan Umfjöllun um leiki dagsins á EM-karla.
19.10 Fréttir
19.35 Íþróttir
19.40 Veður
19.45 Kastljós Ýtarleg umfjöllun um það sem er efst á baugi í fréttum og mannlífi. Farið er ofan í kjölinn á stærstu fréttamálum dagsins með viðmælendum um land allt. Umsjónarmenn eru Einar Þorsteinsson og Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir.
20.00 Menningin Fjallað er á snarpan og líflegan hátt um það sem efst er á baugi hverju sinni í menningar- og listalífinu, jafnt með innslögum, fréttaskýringum, gagnrýni, pistlum og umræðu.
20.15 Villta Nýja-Sjáland – Wild New Zealand Heimildarþáttaröð frá BBC um stórbrotna náttúru og dýralíf Nýja-Sjálands.
21.05 22. júlí
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 EM-stofan Umfjöllun um leiki dagsins á EM-karla í handbolta.
22.45 Við hlið Bowies. Sagan af Mick Ronson Beside Bowie. The Mick Ronson Story Heimildarmynd um ævi og feril breska tónlistarmannsins Micks Ronson. Ronson var meðal annars gítarleikari hljómsveitarinnar The Spiders from Mars sem spilaði með David Bowie snemma á áttunda áratugnum.
00.25 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

07.00 Sentry Tournament of Champions Útsending frá lokadegi Sentry Tournament of Champions á PGA-mótaröðinni.
11.00 South African Open Útsending frá South African Open.
16.00 Sony Open in Hawaii Útsending frá Sony Open in Hawaii.
20.00 PGA Highlights Hápunktarnir á PGA-mótunum.
20.55 US Open Útsending frá lokadegi US Open 2019.
23.00 PGA Highlights

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
08.00 Dr. Phil
08.45 The Late Late Show
09.30 Síminn + Spotify
12.00 Everybody Loves Raymond
12.20 The King of Queens
12.40 How I Met Your Mother
13.05 Dr. Phil
13.50 The Neighborhood
14.15 The Biggest Loser
16.00 Malcolm in the Middle
16.20 Everybody Loves Raymond
16.45 The King of Queens
17.05 How I Met Your Mother
17.30 Dr. Phil
18.15 The Late Late Show
19.00 America's Funniest Home Videos
19.20 Speechless
19.45 Superstore
20.10 A Million Little Things
21.00 Hawaii Five-0
21.50 Blue Bloods
22.35 Jägarna
23.20 The Late Late Show
00.05 NCIS
00.50 Evil
01.35 i'm Dying up here
02.35 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunhugleiðsla
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Flugur :Bítlalög í túlkun íslensks tónlistarfólks
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir
12.55 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Til allra átta – Boðið upp í jiddíska tangó
15.00 Fréttir
15.03 Styrjaldir - skemmtun og skefling. Fyrsti þáttur
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Hátalarinn
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Krakkavikan
18.50 Veðurfregnir
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.35 Mannlegi þátturinn
21.30 Kvöldsagan. Hjartastaður. Fyrsti lestur
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

11.00 Carrie Pilby
12.35 Norman
14.30 Southside with You
15.55 Carrie Pilby
17.35 Norman
19.35 Southside with You
21.00 Her
23.05 Return to Sender
00.40 Hell or High Water
02.20 Her

STÖÐ 2

08.00 Friends
08.20 Gilmore Girls
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Suits
10.05 The Detail
10.50 Landnemarnir
11.25 Gulli byggir
12.10 Eldhúsið hans Eyþórs
12.35 Nágrannar
13.00 Grand Designs. The Street
13.50 The X-Factor
14.45 The X-Factor
15.35 The X-Factor
16.40 The Truth About Sleep
17.43 Bold and the Beautiful
18.03 Nágrannar
18.28 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2 Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
18.47 Sportpakkinn Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta
18.55 Ísland í dag Skemmtilegur og fjölbreyttur dægurmálaþáttur.
19.10 Tribe Next Door
20.00 Grand Designs Australia 8
20.55 Sticks & Stones
21.45 The Outsider Spennuþáttaröð frá HBO sem er byggð á metsölubók eftir Stephen King. Þegar ungur drengur er myrtur á hrottalegan hátt fer af stað rannsókn sem í fyrstu virðist borðleggjandi. Þegar líður á rannsóknina fara hins vegar dularfullir atburðir að gerast sem setur allt í uppnám og rannsakendur málsins verða vitni að yfirnáttúrulegum atburðum.
22.45 The Outsider
23.45 60 Minutes
00.30 All Rise
01.20 Bancroft
02.10 Castle Rock
03.00 Boardwalk Empire
03.55 Boardwalk Empire
04.55 The Righteous Gemstones

STÖÐ 3

19.10 The New Girl
19.35 Fresh Off The Boat
20.00 Friends
20.25 Seinfeld
20.50 Slicon Valley
21.25 American Horror Story. 1984
22.05 Who Do You Think You Are?
23.10 The Hundred
23.55 Hand i hand
00.40 Random Acts of Flyness
01.15 Tónlist

STÖÐ 2 SPORT

07.20 Fjölnir - Þór Ak. Útsending frá leik í Dominos deild karla.
09.00 Sampdoria - Brescia
10.40 NFL Útsending frá leik í undanúrslitum NFL.
13.00 NFL Útsending frá leik í undanúrslitum NFL.
15.20 Cardiff - Swansea
17.00 Roma - Juventus
18.40 Ítölsku mörkin Leikirnir í ítölsku úrvalsdeildinni gerðir upp.
19.10 Football League Show Sýndar svipmyndir úr leikjunum í ensku 1. deildinni.
19.40 Parma - Lecce Bein útsending frá leik í ítölsku úrvalsdeildinni.
21.45 Cagliari - AC Milan Útsending frá leik í ítölsku úrvalsdeildinni.
23.25 Brentford - QPR Útsending frá leik í ensku 1. deildinni.

STÖÐ 2 SPORT 2

19.05 Þór Ak. - KR Bein útsending frá leik í Dominos deild karla.

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

DRAUMASIGLINGAR
MEÐ NORWEGIAN CRUISE LINE

FREE AT SEA

ALLT INNIFALIÐ Í ÖLLUM SIGLINGUM
EKKI BORGA MEIRA EN ÞÚ ÞARFT

WORLD TRAVEL AWARDS

GRIKKLAND OG ÍTALÍA
19. OKTÓBER - 3. NÓVEMBER 2020

Verð frá kr.
440.000
á mann í 2ja manna innklefa með FREE AT SEA ALLT INNIFALIÐ

ÍSLENSK FARARSTJÓRN • GIST Í 5 NÆTUR Í RÓM • KOTOR Í SVARTFJALLALANDI, DUBROVNIK Í KRÓATÍU, KORFÚ, SANTORINI OG MYKONOS Í GRIKKLANDI, NAPÓLÍ, LIVORNO, CIVITAVECCHIA

Uppselt

PANAMASKURÐURINN
11. febrúar - 5. mars 2020

Great Stirrup Cay, Cartagena
Puntarenas, Puerto Quetzal, Puerto
Vallarta, Puerto San Lucas, Los Angeles

Verð frá kr. 575.000 á mann

Uppselt

ATLANTSHAFIÐ
20. apríl - 10. maí 2020

Azoreyjar, Lissabon, Cadiz (Sevilla)
Malaga, Mallorka, Barcelona, Cannes
Livorno, Civitavecchia, Róm

Verð frá kr. 470.000 á mann

FREE AT SEA

ALLT INNIFALIÐ Í ÖLLUM SIGLINGUM
EKKI BORGA MEIRA EN ÞÚ ÞARFT

MIÐJARÐARHAFIÐ
28. maí - 8. júní 2020

Napolí, Civitavecchi, Livorno
Flórens, Písa, Cannes, Palma
á Mallorka, Barcelona

Verð frá kr. 395.000 á mann

8 sæti laus

EYSTRASALTIÐ
16. - 25. júní 2020

Warnemunde í Þýskalandi, Tallin
St. Pétursborg í Rússlandi, Helsinki
Nynashamn og Kaupmannahöfn

Verð frá kr. 380.000 á mann

MIÐJARÐARHAFIÐ
4. - 15. sept. 2020

Napolí, Cvitavecchi, Livorno
Flórens, Písa, Cannes, Palma
á Mallorka, Barcelona

Verð frá kr. 385.000 á mann

Uppselt

ÍTALÍA OG EYJAHAFIÐ
6.-21. sept. 2020

Kotor, Svartfj.landi, Dubrovnik
Króatíu, Corfu, Santorini, Mykonos,
Grikklandi, Napolí, Livorno, Ítalíu

Verð frá kr. 470.000 á mann

KARÍBAHAFIÐ
19. nóv. - 1. des. 2020

Puerto Plata í Dóminíska
lýðveldinu, St. Thomas, Tortola
og Great Stirrup Cay

Verð frá kr. 345.000 á mann

JÓL Í KARÍBAHAFINU
18. - 30. des. 2020

Cozumel og Costa Maya í Mexíkó
Roatán í Hondúras
Harvest Caye

Verð frá kr. 425.000 á mann

NCL NORWEGIAN CRUISE LINE®

Besta skipafélagið í Evrópu 11 ár í röð og 6 ár í Karíbahafi

NORRÆNA FERÐASKRIFSTOFAN

Sími 570 8600
www.norræna.is
Stangarhyl 1, 110 Rvk.

Þau Jónína og Viktor segja sölu á nýjustu línunni hafa gengið vonum framar. MYND/DAGBJÖRT KRISTÍN

Ungir frumkvöðlar í samstarf við Rúrik

Jónína og Viktor hafa rekið fyrirtækið BÖKK undanfarið en nýverið bættist fótboltakappinn Rúrík Gíslason í eigendahópinn. Nú fyrir helgi bættust við húfur í línu BÖKK sem hafa rokið út.

Þau Jónína Þórdís Karlsdóttir og Viktor Karl Einarsson eru ungir frumkvöðlar sem reka fyrirtækið BÖKK. Fyrst um sinn framleiddi það belti en nýlega bættust peysur og bolir við. Nú fyrir helgi tilkynntu þau svo línu af húfum, en hún er unnin í samstarfi við Rúrik Gíslason fótboltamann, sem er nýjasta viðbótin í eigendahópinn.

Minna á flugvélabelti

„Bökk byrjaði sem verkefni í Verzló í frumkvöðlafræðiáfanga. Í áfanganum áttu nemendur að búa til sín eigin fyrirtæki ásamt öllu því sem því fylgir, þá kviknaði hugmyndin að BÖKK. Við ákváðum að búa til nýstárleg hátískubelti en beltin eru svolítið öðruvísi og framandi. Sylgjan á beltunum er svipuð þeirri og sjá má á flugvélabeltum og efnið sem við notuðum í ólar beltanna er sams konar efni og notað er í hefðbundnar sætisbeltaólar. Fyrsta línan okkar gekk vonum framar og seldist upp á innan við tveimur sólarhringum," segir Jónína Þórdís.

BÖKK tók síðan þátt í frumkvöðlafræðikeppni Junior Achievements, en 120 önnur fyrirtæki tóku þátt í henni. Þetta árið var keppnin sérstaklega stór, þar sem tveir árgangar voru á útskriftarárinu sínu sem tóku þátt í þessum áfanga, sökum styttingu menntaskólanna. BÖKK stóð að lokum uppi sem sigurvegari keppninnar.

„Við fórum í kjölfarið til Serbíu í Evrópukeppni. Eftir keppnina fórum við að huga að framtíðinni og Viktor Karl Einarsson kom inn í fyrirtækið sem eigandi og frábær starfskraftur. Í sameiningu fórum við að vinna að nýrri línu. BÖKK hefur nú alls gefið út fjórar línur en við vorum ákaflega lánsöm að fá nýjan eiganda inn í fyrirtækið fyrir síðustu línu, fótboltamanninn Rúrik Gíslason," segir Jónína

Rúrík í fötum frá BÖKK, en hann bættist nýlega í eigendahópinn og tekur þátt í hönnuninni með Jónínu og Viktori. MYND/JÓNÍNA ÞÓRDÍS

Klassískt tískumerki

„Í síðustu línunni okkar, sem kom út rétt fyrir jól buðum við upp á belti, peysur, boli og svo vorum við að bæta við húfum. Hugmyndin að nýju línunni var að gera föt sem henta öllum. Okkur fannst vanta á markaðinn klassískt íslenskt tískumerki," segir Viktor.

Þau segjast hafa unnið þrjú saman að línunni frá því í júní. Þau hafi viljað taka sér góðan tíma í hönnunina og val á efnum.

„Öll BÖKK línan er unisex, sem merkir að hún hentar bæði körlum sem konum. Það er einstaklega gott að fá Rúrik inn í teymið þar sem, eins og flestir Íslendingar vita, hann hefur mjög gott auga fyrir tísku og nýjustu straumunum. Hann passar upp á hvert einasta smáatriði og á stóran þátt í hönnun línunnar," segir Viktor.

> **„Í SÍÐUSTU LÍNUNNI OKKAR, SEM KOM ÚT RÉTT FYRIR JÓL VORUM VIÐ UPP Á BELTI, PEYSUR, BOLI OG SVO VORUM VIÐ AÐ BÆTA VIÐ HÚFUM. HUGMYNDIN AÐ NÝJU LÍNUNNI VAR AÐ GERA FÖT SEM HENTA ÖLLUM.**
>
> Viktor

Húfurnar rokseljast

„Rúrik leist mjög vel á það sem við vorum að gera og þetta var í anda þess sem hann fílar. Ég fór til Þýskalands að hitta hann, en við erum frændur. Við gáfum honum bol sem honum leist svo ótrúlega vel á. Eitt leiddi af öðru og ekki leið á löngu þar til við vorum byrjuð að huga að næstu línu, en Rúrik passar mjög vel inn í teymið," segir Viktor.

„Salan á línunni gengur alveg ótrúlega vel. Við höfum vart undan. Sérstaklega eftir að Rúrik opinberaði samstarfið, hann á náttúrulega svo marga aðdáendur," segir Jónína hlæjandi.

Nýju húfurnar og aðrar vörur frá BÖKK er hægt að nálgast á bokk.is.

steingerdur@frettabladid.is

SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson, *hlynur@frettabladid.is* , Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is*. **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*

KFC

Í ÍÞRÓTTAFÖTUM

ÞÚ VELUR **EINA FÖTU** OG **SÓSA FYLGIR MEÐ** TIL AÐ DÝFA Í

★ **8** ORIGINAL LUNDIR ★ **10** ORIGINAL LEGGIR ★ **20** HOT WINGS

2.590 kr.

MYNDAÐU ÞIG MEÐ FÖTU
#KFCEM
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ FÖTU

FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**

Ritstjórn 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Torg. ehf

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ
mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

BAKÞANKAR

Láru G. Sigurðardóttur

Eitur í poka

Það hefur reynst jafn ávanabindandi sem kókaín og heróín. Svefntruflanir, svimi, örvænting, óþolinmæði, óróleiki, reiði, leiði, kvíði, þunglyndi, þreyta, martraðir, höfuðverkur, eirðarleysi og einbeitingarskortur eru einkenni sem lýst hafa verið eftir notkun þess. Það lætur þér kannski líða vel í skamma stund en á endanum ertu farinn að nota það til að deyfa vanlíðanina. Þú ert ágætur í rúma klukkustund og þá þarftu annan skammt. Nú fæst þetta efni nálægt skólalóðum í fjórfalt hærri styrkleika en hörðustu reykingamenn fá keypt í apótekum. Hver er tilgangurinn með frjálsri sölu nikótínpoka? Allavega ekki til að hætta að reykja, samkvæmt tollstjóra. Nikótín getur virkað spennandi eða töff en veldur eftirsjá þegar það hefur breytt taugatengingum í heilanum þannig að þér fer að líða illa án þess . Flestir sjá eftir að hafa byrjað og aðeins einum af hverjum þrjátíu tekst að losna í fyrstu tilraun úr prældómi þess.

Nýleg úttekt Neytendastofu sýndi að sjoppur eru oft óhæfar til að bera þá ábyrgð sem nikótíni fylgir en alltof oft er búið að rjúfa innsigli rafsígarettuvökva og bæta við nikótíni í óþekktum skömmtum.

Nikótín er náttúrulegt eiturefni sem finnst í tóbaksplöntum. Það var notað sem skordýraeitur og hreinsiefni – því það er eitur. Nikótín hefur áhrif á hjarta og taugakerfi og eitt milligramm getur til dæmis valdið dauða hjá ungu barni. Því þurfa þeir sem umgangast efnið í miklu magni að vera í sérstökum búningum sem vernda þá.

Það er kominn tími til að horfa á staðreyndir og flokka nikótín sem sterkt eiturefni með ströngu eftirliti. Við eigum ekki að þurfa að horfa á samviskulausa sölumenn selja börnunum okkar eitur í vökva eða poka.